

Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina orðum sínum til þín, sem tryggingartaka og samningsaðila.

A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa ber í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

Heilsutrygging E230

	Blaðsíða
1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	1
2. Bætur úr hlutdeild í hagnaði.....	6
3. Bótapægi og millifærsla bóta.....	11
4. Útilokun bóta og takmarkanir bóta.....	11
5. Sérstakar samstarfsskyldur og skuldbindingar.....	12
6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar.....	13
7. Kostnaður vegna samningsins.....	13
8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds.....	14
9. Uppsögn.....	15
10. Möguleikar við samningsgerð.....	16
11. Breytingar á Heilsutryggingu... E230	

B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

	Blaðsíða
1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð.....	22
2. Skyldur sem snerta iðgjaldsgreiðslu.....	22
3. Frekari samstarfsskyldur.....	23
4. Breytingar á B-hluta.....	24

C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

	Blaðsíða
1. Upphaf tryggingarverndar.....	25
2. Tryggingarskírteini.....	25
3. Þýskur réttur.....	25
4. Varnarþing.....	25
5. Fyrning.....	25
6. Upplýsingar á samningstíma.....	26
7. Breytingar á C-hluta.....	26

Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmála er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Þar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki.

	Blaðsíða
Hugtakaskýringar.....	27

Viðauki við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“

Hér er að finna útdrátt úr almannatryggingalögum (Sozialgesetzbuch, SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, í gildi frá 01.01.2017.

A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

Heilsutrygging E230

Hér er að finna reglur Heilsutryggingar sem og reglur þáttarins Viðbótarlífeyri vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum lið er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við við skert líkamlegt eða andlegt atgervi og hvenær stofnast tilkall til bóta?
- 1.2 Hvað er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála?
- 1.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms?
- 1.4 Hvað er alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála?
- 1.5 Hvaða bætur greiðum við ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og hvenær stofnast tilkall til bóta?
- 1.6 Hvað er umönnunarþörf í skilningi þessara tryggingarskilmála?
- 1.7 Í hvaða löndum gildir tryggingavernd?
- 1.8 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

1.1 Hvaða bætur greiðum við, við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, og hvenær stofnast tilkall til bóta?

(1) Bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef →**hinn tryggði** verður fyrir því að líkamlegt eða andlegt atgervi skerðist á tryggingartíma Heilsutryggingar samkvæmt tölul. 1.2, greiðum við umsamdar bætur.

- Við leysum þig undan skyldu til að greiða iðgjöld vegna tryggingarinnar.
- Við greiðum umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Lífeyrinn greiðum við samkvæmt samningi mánaðarlega, ársfjórðungslega, hálfárslega eða árlega. Fyrsta greiðslan verður hugsanlega hlutfallsleg. Við millifærum lífeyrinn fyrsta →virka bankadag eftir umsamda gjalddaga.

Umræddar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi greiðum við á meðan

- skert líkamlegt eða andlegt atgervi er fyrir hendi samkvæmt tölul. 1.2 og
- →**hinn tryggði** er á lífi, þó í mesta lagi til loka umsaminn bótatímabils við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi.

(2) Bótakröfur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

a) **Tilkall til undanþágu frá greiðslu iðgjalds og lífeyris**
Tilkall til undanþágu frá greiðslu iðgjalds og lífeyris stofnast við lok mánaðarins þegar skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2 stofnaðist.

b) **Iðgjaldsgreiðsla fram að ákvörðun um greiðsluskyldu**

Fram að ákvörðun um það hvort tilkall sé fyrir hendi,

- þarf áfram að greiða iðgjöld að fullu. Ef við föllumst á bótaskyldu okkar endurgreiðum við ofgreidd iðgjöld.
- má fara þess á leit að greiðslu iðgjalda sem gjaldfalla á meðan beðið er endanlegrar ákvörðunar verði frestað vaxtalaust. Ef við föllumst ekki á bótaskyldu okkar ber að greiða frestað iðgjöld í einni upphæð eftirá. Einnig má dreifa eftirágreiðslunni á 24 mánuði eða gera hana upp með því að lækka tryggðar bætur.

Við upplýsum þig um möguleika til iðgjaldslækkunar ef óskað er.

1.2 Hvað er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála?

(1) **Skerðing líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna**

Ef →**hinn tryggði**,

- sem afleiðing af sjúkdómi, líkamsáverka eða orkumissi umfram það sem vænta má af aldri hans og
 - sem sérfræðilæknir þarf að staðfesta -,
 - hlýtur fyrirsjáanlega 6 mánaða samfellda skerðingu eftirtalins líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna, eða hafi hún verið fyrir hendi samfleytt í 6 mánuði,
- þá er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála fyrir hendi frá upphafi.

Skerðing líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna má ekki vera hægt að lagfæra með þeim hætti sem segir í tölul. 5.2 og þarf að liggja fyrir í þeim mæli sem segir hér á eftir.

Skerðingu líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna eins og lýst var skal sérfræðilæknir á viðkomandi sviði staðfesta með þeim rannsóknaraðferðum sem tíðkast út frá læknisfræðilegri þekkingu hverju sinni.

Einstakir þættir atgervis →**hins tryggða**

skulu hafa orðið fyrir skerðingu í þeim mæli sem hér segir:

a) **Líkamlegt atgervi**

b) **Beiting fótleggja**

→**Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að leggja að baki 400 metra vegalengd óstuddur og hvíldarlaust eða ganga óstuddur upp og niður 12 stigaprep hvíldarlaust.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Beiting handleggs

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að beita vinstri eða hægri handlegg í axlar- eða brjósthæð.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Beiting annarrar handar

→ **Hinn tryggði** er hvorki fær um að opna með vinstri né hægri hönd flösku með skrufúðum tappa né að nota skrufjárn eða rörtöng eða skærum rétt.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Krjúpa eða beygja sig niður

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að beygja sig niður eða leggjast á hnén til að snerta gólf, og rísa upp aftur af eigin rammleik.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Akstur bifreiðar

→ **Hinn tryggði** er ófær um að aka fólksbifreið. Sanna þarf að ökuleyfissvipting eða óheimil veiting ökuleyfis hafi verið af heilsufarsástæðum. Slíkt skal staðfesta með læknisvottorði.

Öll tilvik þar sem → **hinn tryggði** er sviptur ökuleyfi sökum ofnotkunar áfengis eða lyfja, eða sökum þess að vegna sálræns sjúkleika hins tryggða (sjúkdómsgreining með upphafsstafrum „F“ samkvæmt ICD-10-flokkunarkerfi) sé hann ófær um að aka fólksbifreið, teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

Lyfta og bera

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að lyfta með höndum 5 kg þungum hlut (til dæmis verkfæratösku eða málningarfötu) upp af borði og bera hann 5 metra vegalengd.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Sitja

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að sitja samfleytt í 20 mínútur, heldur ekki með því að breyta um stöðu eða með því að fá stuðning frá armpúðum.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Standa

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að standa samfleytt í 10 mínútur óstuddur, þó svo að hann breyti um stöðu.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Grípa og halda

→ **Hinn tryggði** er ekki lengur fær um að grípa um hlut (til dæmis glas, ausu eða pensil) með hægri eða vinstri hendi og halda um hann samfleytt í 5 mínútur.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

Skrifa

→ **Hinn tryggði** er ekki fær um að skrifa með blýanti að minnsta kosti 5 orð með upphafsstöfum læsilega, hvorki með hægri né vinstri hendi.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

c) Atgervi skynjunar og vitsmuna

Sjón

Sjón → **hins tryggða** er það skert, að miðað við betra og alveg leiðrétt augað er aðeins eftir sjón sem nemur í hæsta lagi 3/60 eða 0,05, eða skerðing sjónsviðsins niður í að hámarki 15 gráða fjarlægð frá miðju, það er að segja heildarsjónsvið sem er í hæsta lagi 30 gráður.

Tal

Mál eða tjáningarhæfni → **hins tryggða** í orðum er að afloknu námi tungumálsins svo skert að **hinn tryggði** getur ekki gert sig skiljanlegan í félagslegu umhverfi sínu vegna þess að hann getur ekki lengur myndað skiljanleg orð.

Þessi skerðing þarf að birtast á einhvern eftirfarandi hátt: Fyrirvaralaus munnleg tjáning, eftirherma, nafngift, málskilningur.

Staðfesta þarf skerðinguna með ómælisprófinu Aachener-Aphasie-Test.

Öll tilvik ómælis af sálrænum toga eða ómælis sökum taugalegs misþroska teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

Heyrn

→ **Hinn tryggði** er haldinn heyrnarskerðingu á báðum eyrum á tíðnisviði talaðs máls við 2 kHz, sem með heyrnarlinuriti (hljómburður um bein, Knochenleitung) staðfestir heyrnartap sem nemur að minnsta kosti 60 dB.

Öll tilvik heyrnartaps af sálrænum toga eða heyrnartaps sökum taugalegs misþroska teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

Jafnvægisskyn

Jafnvægisskyn → **hins tryggða** er svo skert að hann getur ekki farið upp í stiga eða vinnupalla án verulega aukinnar slysaþættu.

Skerðinguna verður að staðfesta með taugafærðilegri rannsókn.

Öll tilvik brenglaðs jafnvægisskyns sökum sjúkdóms af geðrænum toga (sjúkdómsgreining með upphafsstafrum „F“ samkvæmt ICD-10, svo sem kvíðaköst, ofsakvíði) sem og sökum fjöltaugakvilla sem má sannanlega rekja til langvarandi ofnotkunar áfengis teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

Vitsmunir

Andleg starfsemi (minni, einbeiting, athyglisgáfa, skilningur, skipulagsgáfa) → **hins tryggða** er svo skert að hann getur ekki lengur framkvæmt nauðsynlegar daglegar athafnir.

Niðurstöður almennt viðurkennds prófs sem mælir andlegt atgervi → **hins tryggða** skulu sýna að hann teljist til þeirra 10 prósentu sem verst er ástatt um.

(2) Skerðing sökum umönnunarþarfar

Skerðing líkamlegs eða andlegs atgervis í skilningi þessara tryggingarskilmála er einnig fyrir hendi ef → **hinn tryggði** er umönnunarþurfi í skilningi tölu. 1.6., það er að segja, flokkast að minnsta kosti í umönnunarflokk 2 (sjá 2.mgr., tölu. 1.6) vegna umönnunarþarfar sinnar.

(3) Skerðing ásamt lögboðinni umönnun

Skerðing líkamlegs eða andlegs atgervis í skilningi þessara tryggingarskilmála er einnig fyrir hendi,

hafi dómstóll úrskurðað, á grundvelli sálfræðilegrar matsgerðar, að →hinn tryggði hafi, lögum samkvæmt, þurft aðhlyningu í að minnsta kosti 6 mánuði, eða þurfi fyrirsjáanlega á henni að halda.

1.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms?

(1) Greiðsla umsamins höfuðstóls

Ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms, og ef →hinn tryggði fær á tryggingartímanum alvarlegan sjúkdóm samkvæmt tölu. 1.4 greiðum við umsamin höfuðstól að 28 dögum liðnum, reiknað frá deginum eftir að til tryggingartilviksins kom.

Ef →hinn tryggði andast áður en 28 dagar eru liðnir frá því er til alvarlegs sjúkdóms kom samkvæmt tölu. 1.4 greiðum við engar bætur og tryggingin fellur úr gildi.

(2) Áframhald tryggingar

Tryggingin heldur áfram eftir að við föllumst á bótaskyldu okkar vegna alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölu. 1.4.

(3) Takmarkanir

Ef →hinn tryggði fær marga alvarlega sjúkdóma hvern á fætur öðrum samkvæmt tölu. 1.4, gildir bótaskylda okkar í eðli sínu áfram, einnig um þessa alvarlegu viðbótarsjúkdóma. Þá skal hafa eftirfarandi takmarkanir í huga:

- Ef til alvarlegs sjúkdóms kemur, samkvæmt tölu. 1.4, gengur í gildi 3ja mánaða biðtími, þ.e.a.s. komi til nýs alvarlegs sjúkdóms á því tímabili stofnast ekki við það nýtt tryggingartilvik samkvæmt 1. mgr.
- Ef tryggði alvarlegi sjúkdómurinn samkvæmt tölu. 1.4, sem þegar leiddi til bótaskyldu, kemur fram á ný, stofnast ekki við það nýtt tryggingartilvik samkvæmt 1. mgr.
- Engar óbeinar og beinar afleiðingar framkomins alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölu. 1.4 leiða til frekari tryggingartilviks samkvæmt 1. mgr.
- Eftir hjartaáfall samkvæmt 1. mgr. tölu. 1.4. eða hjartaslag samkvæmt 5. mgr. tölu. 1.4 nær tryggingarverndin ekki lengur til hins sjúkdómsins ef annar hvor þessara alvarlegu sjúkdóma kemur upp. Komi til hjartaáfalls eða hjartaslags heldur því tryggingin áfram án tryggingaverndar vegna alvarlegu sjúkdómanna hjartaslag og hjartaáfall.

1.4 Hvað er alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála

Eftirfarandi sjúkdómar eru alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála ef þeir uppfylla þær forsendur sem um þá gilda hvern um sig og tilgreindar eru. Þegar upp kemur tryggður alvarlegur sjúkdómur skal sérfræðilæknir á viðkomandi sviði staðfesta það með þeim rannsóknaraðferðum sem tíðkast út frá læknisfræðilegri þekkingu hverju sinni.

(1) Hjartaáfall

Fyrir liggur á tryggingartímanum brátt hjartaáfall sem staðfest hefur verið óyggjandi með þeim aðferðum hjartalækninga sem tíðkast á þeim tíma þegar áfallið kom upp.

Aðrir hjartavöðvasjúkdómar, sem ekki verður sannað með óyggjandi hætti að séu hjartaáfall, teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

(2) Dá

Fyrir liggur alvarleg starfstruflun heilans af 8 punkta alvarleika hið mesta á dákvarðanum Glasgow-Coma-Scale í að minnsta kosti 4 daga.

„Að vera haldið sofandi“ (langtímasvæfing) með lyfjum í lækningaskyni telst ekki tryggingartilvik í skilningi þessara

skilmála.

(3) Krabbamein

Þegar um krabbamein er að ræða þurfa að vera liðnir að minnsta kosti 6 mánuðir frá upphafi tryggingar að fyrstu sjúkdómsgreiningu.

Auk þess þarf að sanna að um sé að ræða

- þétt æxli („solider Tumor“) frá og með æxlisstærð T2 eða
- æxli með eitlameinvörpum eða fjarlægari meinvörpum eða
- heilaæxli frá og með stærð WHO II eða
- hvítblæði, eitilæxli á öllum stigum.

(4) Heila- og mænusigg

Fyrir liggur heila- og mænusigg af eftirfarandi gerð:

Ef veikindin koma fram í köstum þurfa að liggja fyrir

- að minnsta kosti 2 skilgreind köst og
- að minnsta kosti einn greinanlegur klínískur áverki (skemmdur taugavefur) og
- dæmigerð niðurstaða úr segulömun eða jákvæð vökvaniðurstaða (niðurstaða úr athugun á starfsemi mænuvökva)

Ef veikindin ágerast stöðugt þurfa einkennin að magnast samfelt í að minnsta kosti 6 mánuði samfara varanlegri skerðingu á starfsemi og það þurfa að liggja fyrir

- að minnsta kosti einn greinanlegur klínískur áverki og
- dæmigerð niðurstaða úr segulömun eða jákvæð vökvaniðurstaða og
- niðurstaða úr segulömun sem sýnir stækkun svæða sem valda skemmdunum.

Fyrir þurfa að liggja staðfestar skerðingar á starfsemi samkvæmt kvarðanum Extended Disability Status Scale. Þær þurfa að nema að minnsta kosti EDSS-stigi 4,5 til að um tryggingartilvik sé að ræða.

Óljós grunur svo sem til dæmis „klínískt afmarkað heilkenni“ eða „hugsanlega heila- og mænusigg“ teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

(5) Heilablóðfall/slag

Fyrir liggur heilablóðfall/slag þegar um eitt eftirfarandi einkenna er að ræða, sem þarf að hafa legið fyrir, eða mun fyrirsjáanlega liggja fyrir, í 3 mánuði samfelt:

Lamanir öðrum megin (helftarlömun/helftarslekja), máltruflanir (málstol), sjóntruflanir, kyngingaröðugleikar, flogaveiki eða skerðing á færni til daglegra athafna undir 60 punktum á kvarðanum Barthel-Index (kvarði til að meta færni til daglegra athafna).

Skammvinn slög sem lagast án eftirkasta (TIA, skammvinn blóðþurrðarköst) teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

(6) Þverlömun

Fyrir liggur þverlömun þar sem lömunin eða glötuð hreyfigeta á báðum fótleggjum hefur varað í að minnsta kosti 3 mánuði og mun, miðað við læknisfræðilega þekkingu á þeim tíma, fyrirsjáanlega vera til frambúðar.

1.5 Hvaða bætur greiðum við ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og hvenær stofnast tilkall til bóta?

(1) Bætur við umönnunarpörf

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og →hinn tryggði verður umönnunarpurfi á tryggingartíma tryggingarinnar í skilningi tölu. 1.6, það er að segja vegna umönnunarpörfar sinnar (sjá 1. mgr. tölu. 1.6), greiðum við viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Viðbótarlífeyri vegna umönnunar greiðum við, til viðbótar við bætur vegna skerðingar á líkamlegu eða andlegu atgervi, svo lengi sem

- →hinn tryggði er á lífi og
- hinn tryggði er umönnunarþurfi í skilningi tölul. 1.6.

(2) Tilkall til bóta vegna umönnunarþarfar

Tilkall til viðbótarlífeyris vegna umönnunar stofnast við lok þess mánaðar þegar umönnunarþörf skapast.

1.6 Hvað er umönnunarþörf í skilningi þessara tryggingarskilmála?

Hinn →tryggði er umönnunarþurfi í skilningi þessara tryggingarskilmála, ef hann, vegna umönnunarþarfar sinnar (sjá 1. mgr.) flokkast að minnsta kosti í umönnunarflokk 2 (sjá 2. mgr.).

(1) Hugtak og tímaskeið umönnunarþarfar

Hinn →tryggði er umönnunarþurfi ef

- færni hans er skert af heilsufarsástæðum þannig að hann þarfnist, vegna skerts atgervis, aðstoðar og
- ef hann getur ekki af sjálfisdáðum bætt upp eða náð tókum á líkamlegri, vitsmunalegri eða sálrænni skerðingu eða álagi af heilsufarsástæðum.

Umönnunarþörfin þarf að vera varanleg, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti 6 mánuði samfleytt, eða hafa varað nú þegar í 6 mánuði.

Umönnunarþörf þarf ávallt að staðfesta með læknisvottorði.

Umönnunarþörf mælist samkvæmt eftirfarandi 6 sviðum, sem um gilda ákveðin skilyrði. Til að meta hversu mikil skerðing sjálfstæðis eða færni er, er skilyrðunum skipað í flokka. Svið, skilyrði og flokkar samsvara þeim sem tilgreind eru í 14. og 15. gr., ásamt fylgiskjöllum, almannatryggingalaga (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, sem gildi tóku 01.01.2017. Breyting á lagalegum fyrirmælum hafa engin áhrif á skilgreiningu sviða, skilyrða og flokka umönnunarþarfar samkvæmt þessum tryggingarskilmálum, og þá um leið á tryggingarverndina úr Heilsutryggingunni og þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef honum var bætt við. Orðalag umræddra greina er að finna í viðauka við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“ í lok tryggingarskilmálanna.

a) Hreyfanleiki

Um einstaka skilyrði þessara svæða (t.d. „Komast leiðar sinnar innan hýbýla“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar á sjálfstæði og færni eru, með tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum „Sjálfstæður, mestmegnis sjálfstæður, mestmegnis ósjálfstæður eða ósjálfstæður“ (sjá fylgiskj. 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

b) Vitsmunaleg og samskiptaleg færni

Um einstaka skilyrði þessa sviðs (t.d. „Þátttaka í samtali“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar sjálfstæðis og færni eru, með tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum „Færni til staðar/óskert, færni að mestu leyti til staðar, færni lítil eða færni ekki til staðar“ (sjá fylgiskjal 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

c) Hegðan og sálrænt erfiðar aðstæður

Um einstaka skilyrði þessa sviðs (t.d. „Munir eyðilagðir“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar sjálfstæðis og færni eru, með tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum „Aldrei eða mjög sjaldan, sjaldan (einusinni til þrisvar á tveggja vikna tímabili), oft (tvisvar til margsinns á viku, en ekki daglega) eða daglega“ (sjá fylgiskjal 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

d) Sjálfbjarga

Um einstaka skilyrði þessa sviðs (t.d. „Nærast“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar sjálfstæðis og færni eru, með E--A0230Z0 (016) 12/2019

tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum „Sjálfstæður, mestmegnis sjálfstæður, mestmegnis ósjálfstæður eða ósjálfstæður“ eða „á ekki við, að hluta til eða að öllu leyti“ (sjá fylgiskjal 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

e) Hefur fullt vald á og er sjálfbjarga með tilliti til sjúkdóms- eða meðferðartengdra krafna og álags

Um einstaka skilyrði þessa sviðs (t.d. „Lyfjagjöf“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar á sjálfstæði og færni eru, með tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum:

- „Á ekki við/sjálfstæður, mestmegnis sjálfstæður, mestmegnis ósjálfstæður eða ósjálfstæður“,
- „Á ekki við/sjálfstæður, fjöldi ráðstafana á dag, viku eða mánuði“,
- „Á ekki við/sjálfstæður, daglega, endurtekur sig vikulega eða mánaðarlega“ eða
- „Á ekki við/sjálfstæður, endurtekur sig vikulega eða mánaðarlega“.

Um flokkana má lesa í fylgiskjali 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

f) Athafnir daglegs lífs og félagsleg samskipti

Um einstaka skilyrði þessa sviðs (t.d. „Hvild og svefn“) má lesa í 2. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Mat á því hversu alvarlegar skerðingar á sjálfstæði og færni eru, með tilliti til skilyrðanna, ræðst af flokkunum „Sjálfstæður, mestmegnis sjálfstæður, mestmegnis ósjálfstæður eða ósjálfstæður“ (sjá fylgiskjal 1 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

(2) Stig umönnunarþarfar

Allt eftir því hve alvarlegar skerðingar eða færni er er umönnunarþörf skipt í 5 stig umönnunarþarfar (umönnunarstig). Umönnunarstiginn samsvara þeim umönnunarstigum sem tilgreind eru í 15. gr. ásamt fylgiskjöllum almannatryggingalaga (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, sem gildi tóku 01.01.2017. Breyting á lagalegum fyrirmælum hefur engin áhrif á umönnunarstig samkvæmt þessum tryggingarskilmálum, og þá um leið á tryggingarvernd úr Heilsutryggingu og þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef honum var bætt við. Orðalag umræddra greina er að finna í viðauka við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“ í lok tryggingarskilmálanna.

- Umönnunarstig 1: Lítil skerðing sjálfstæðis eða færni.

- Umönnunarstig 2: veruleg skerðing sjálfstæðis eða færni.
- Umönnunarstig 3: mikil skerðing sjálfstæðis eða færni.
- Umönnunarstig 4: mesta skerðing sjálfstæðis eða færni.
- Umönnunarstig 5: mesta skerðing sjálfstæðis eða færni sem gerir miklar kröfur til umönnunaraðila.

Bætur úr Heilsutryggingu (sjá tölul. 1.1) og úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi honum verið bætt við aukalega (sjá tölul. 1.5) greiðum við ef → hinn tryggði flokkast í að minnsta kosti umönnunarstig 2 vegna umönnunarþarfar.

(3) Stig umönnunarþarfar fundið

Stig umönnunarþarfar (umönnunarstig) er fundið í samræmi við lagafyrirmæli um umönnunarstig sem tilgreind eru í 15. gr. ásamt fylgiskjölum almannatryggingalaga (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015 sem gildi tóku 01.01.2017. Breyting á lagafyrirmælum um ákvörðun umönnunarstigs hefur engin áhrif á ákvörðun umönnunarstigs samkvæmt þessum tryggingarskilmálum og þá um leið á tryggingarvernd úr Heilsutryggingu og þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef honum var bætt við. Orðalag umræddra greina er að finna í viðauka við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“ í lok tryggingarskilmálanna.

Hinn → tryggði hlýtur umönnunarstig eftir því hversu alvarlegar skerðingar sjálfstæðis eða færni eru.

Við ákvörðun umönnunarstigs, eins og lýst er í 1. mgr. er sviðunum 6 gefin ákveðin skilyrði. Þau eru metin út frá flokkum. Flokkar lýsa þeim alvarleikastigum skerðinga sem skilyrðin bera með sér.

Flokkunum eru gefnir einstakir punktar, með tilliti til einstakra skilyrða.

Samtölum einstakra punkta sem hægt er að fá í hverju sviði er skipt í punktasið (til dæmis „Punktasið 2: veruleg skerðing sjálfstæðis eða færni“). Um öll punktasið má lesa í 15. gr. og fylgiskjölum 2 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Þegar umönnunarstig er fundið fær hvert svið sem tilgreint er í 1. mgr. a) til f) eigið vægi (t.d. „Hreyfifærni 10 prósent“). Um vægi allra punktasiða má lesa í 15. gr. og fylgiskjali 2 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI.

Hverju punktasiði í tilteknu sviði eru síðan gefnir fastákveðnir, vegnir punktar (sjá fylgiskjal 2 við 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI), allt eftir því hve mikil skerðing sjálfstæðis eða færni og hvert vægi sviðanna er.

Síðan eru vegnir punktar allra sviða lagðir saman og úr því fást heildarpunktar. Heildarpunktar segja svo til um viðkomandi umönnunarstig. Hinn → tryggði er umönnunarþurfi við flokkun í að minnsta kosti umönnunarstig 2, sem gerist frá og með 27 heildarpunktum (sjá 3. mgr. 15. gr. almannatryggingalaga (SGB) XI).

1.7 Í hvaða löndum gildir tryggingavernd?

Tryggingavernd tryggingarinnar gildir um allan heim.

1.8 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

(1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á trygðum bótum:

a) Reikniforsendur tryggðra bóta við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi:

- dánartíðnitafla okkar „AZ 2012 GF TA U“ (→töflur),
- tíðnitafla okkar „AZ 2016 GF I U“ (→töflur) varðandi líkur á því að upp komi skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2,
- tíðnitöflur okkar „AZ 2012 GF TI U“ og „AZ 2012 GF RI U“ (→töflur) varðandi dánarlíkur þeirra sem skertir eru, og batahorfur,
- → **reiknivextir** 0,9 prósent og
- → **kostnaður** vegna Heilsutryggingar (sjá nánar í tölul. 7.1).

b) Reikniforsendur umsamins höfuðstóls ef um alvarlegan sjúkdóm er að ræða:

- tíðnitafla okkar „AZ 2012 DD I U“ (→töflur) yfir líkur á að upp komi alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.4
- → **reiknivextir** 0,9 prósent og
- → **kostnaður** vegna Heilsutryggingar (sjá nánar í tölul. 7.1).

c) Reikniforsendur tryggðra bóta við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar:

- tíðnitafla okkar „AZ 2014 P O U“ (→töflur) yfir umönnun,
- → **reiknivextir** 0,9 prósent og
- → **kostnaður** vegna þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar (sjá nánar í 7.1).

(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka, og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis með hagnaðarhlutum) reiknum við, við útreikning á viðbótarbótum, alltaf með reikniforsendum (einkum → **reiknivöxtum**, → töflum og → kostnaði vegna Heilsutryggingar eða vegna þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar), sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkanardegi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar þegar bætur hækka. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný, eftir hækkan bóta, getum við, við síðari hækkan bóta, beitt nýju reikniforsendum, eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkan bóta.

Þegar bætur hækka leggjum við við útreikning á viðbótarbótum í hæsta lagi það prósentustig →kostnaðar vegna Heilsutryggingar, eða þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, til grundvallar, sem lagt var til grundvallar við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar bætur hækka gilda þessar reglur á sama hátt, þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála.

2. Bætur úr hlutdeild í hagnaði

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur.

Í þessum lið er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaði?
- 2.2 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í hagnaði?
- 2.3 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í matssjóðum?

2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaði?

(1) Ekki er hægt að ábyrgjast hæð hlutdeildar í hagnaði

Við getum ekki ábyrgst hæð hlutdeildar í hagnaði. Annars vegar ræðst hæð hlutdeildar í hagnaði af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaða. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum, og kostnaðar, skipta hér einnig máli. Hins vegar ræðst hlutdeild í hagnaði af orsakamiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölu 2.2). Í óhagstæðasta tilviki getur hlutdeild í hagnaði samningsins verið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hlutdeildar í hagnaði.

(2) Einstakir liðir hlutdeildar í hagnaði

Hlutdeild í hagnaði felur í sér 2 liði:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölu 2.2) og
- hlutdeild í matssjóðunum (sjá nánar einkum tölu 2.3).

Varðandi hlutdeild í hagnaði förum við hverju sinni að gildandi fyrirmælum

- laga um tryggingarsamninga (VVG) einkum 153. gr. VVG,
- um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG), einkum lagagreina 139 og 140 VAG
- sem og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um, í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni, einkum og sér í lagi reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (Mindestzuführungsverordnung, MindZV).

(3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Grundvöllur hlutdeildar í hagnaði er hagnaðurinn, sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (HGB). Við ákvörðun ársuppgjörs er - að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir - ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skuli vera sem fellur tryggingartökum í heild sinni í skaut. Þennan hluta hagnaðar færum við →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda til tekna, svo framarlega sem hann er ekki færður beint samningum til tekna sem rétt eiga á hlutdeild í hagnaði. →**Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda** má eingöngu ráðstafa til hlutdeildar →**tryggingartaka í hagnaði**. Við getum aðeins í lögheimiluðum undantekningartilvikum vikið frá þessu að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda hvað okkur varðar.

Forsenda fyrir hlutdeild í →**matssjóðum** eru matssjóðirnir, sem við reiknum út samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (Handelsgesetzbuch, HGB), sem eru aðgengileg, og á það við um ráðandi fyrirmæli laga um tryggingaefirlit varðandi hlutdeild í matssjóðum allra samninga sem rétt eiga á hlutdeild í matssjóðum.

Færsla yfir í →varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda leiðir ekki til þess að samningurinn eigi kröfu til tiltekinna hlutdeildar í hagnaði.

2.2 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í hagnaði?

Hlutdeild í hagnaði fer eftir orsakamiðaðri aðferð. Hér á eftir gerum við grein fyrir því

- hvers vegna við myndum hagnaðarhópa (sjá tölu 2.2.1),
- hvernig við ákvörðum →**prósentur hlutdeildar í hagnaði** samningsins (sjá tölu 2.2.2) og
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (sjá tölu 2.2.3).

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr →**varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda** (sjá tölu 2.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna, beint á þá samninga sem rétt eiga á hlutdeild í hagnaði, sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

2.2.1 Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mis mikið af mörkum við myndun hagnaðar. Þess vegna tókum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópa eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að. Skipun einstakra samninga í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggt er (til dæmis andláts- eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er öllum samningum í heild sinni, sem rétt eiga á hagnaði, jöfnum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tókum við mið af því að hve miklu leyti hagnaðar- og undirhópar tóku þátt í myndun hagnaðar.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnnum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja tryggingunni til grundvallar? Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðarmeir.

2.2.2 Prósentuhlutir hlutdeildar í hagnaði ákvarðaðir

Til að finna þá hlutdeild í hagnaði sem tryggingu þinni er úthlutað samkvæmt fastákveðinni aðferð (sjá tölu 2.2.3 og 2.2.4) skilgreinir stjórmin, að fenginni tillögu →ábyrgs tryggingafræðings, fyrir upphaf hvers almanaksárs, hæð →prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

→**Prósentuhlutir** í hagnaði einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá tölu 2.1) sem og mismunandi tegunda hlutdeild í hagnaði (sjá tölu 2.2.3 og 2.2.4) eru ákvarðaðir sem prósentuhlutir tiltekinna →**reiknistuðla**. Ákvörðun →**prósentuhluta** í hagnaði getur í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings, eða ekki öllum tegundum hlutdeildar í hagnaði sem til álitu koma (sjá tölu 2.2.3 og 2.2.4).

→**Prósentuhlutir** í hagnaði eru birtir árlega í viðauka ársskýrslu okkar sem fá má hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum frá þeim með öðrum hætti.

2.2.3 Stöðug hlutdeild í hagnaði

Allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirflokk trygging þín tilheyrir veitum við tryggingunni hlutdeild í áunnum hagnaði (reglubundnir hagnaðarhlutir). Hvernig áunnum hagnaði er ráðstafað ræðst af umsaminni tegund hagnaðar. Við samningsgerð er hægt að semja um svofelldar tegundir ráðstöfunar á hagnaði:

- millifærslu (sjá 1. mgr.)
- hagnaðarlífeyri (sjá 2. mgr.)
- uppsafnaða bónus (sjá 3. mgr.)

(1) Ef samið var um mótbókun gildir eftirfarandi:

a) Reglubundnir hagnaðarhlutir fundnir og þeim ráðstafað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →**prósentuhluti** hlutdeildar í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölu. 2.2.2) og viðkomandi →**reiknistuðul**.

Skilgreinda →**prósentuhluti hagnaðar** ákvörðum við árlega við upphaf tryggingarárs til eins tryggingarárs í senn.

aa) Reiknistuðlar í iðgjaldsskyldum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsskyldum tryggingum eru

- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og fyrir umsaminn höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu. 1.3 og
- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

bb) Reiknistuðlar í iðgjaldsfríum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsfríum tryggingum samkvæmt tölu. 8.1 eru

- umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og
- umsaminn umönnunarlífeyrir, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

cc) Reiknistuðlar við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá eru →**reiknistuðlar**

- →**bótahöfuðstóll** lífeyris, við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og
- bótahöfuðstóll umönnunarlífeyris, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar við lok liðs tryggingarárs.

b) Ráðstöfun reglubundinna arðshluta

aa) Ráðstöfun í iðgjaldsskyldum tryggingum

Með hverju gjaldföllu iðgjaldi öðlast tryggingin hagnaðarhlut, sem er ákvarðaður sem tiltekin prósentu af

- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og fyrir umsaminn höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu. 1.3, og
- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

Hagnaðarhlutir reiknast með reglubundnum iðgjöldum, allt eftir því hvornig þau greiðast.

bb) Ráðstöfun í iðgjaldsfríum tryggingum

Ef

- tryggingin er iðgjaldsfrí samkvæmt tölu. 8.1, og
- ef →**hinn tryggði** er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölu. 1.2, fjármögnum við, - með árlegum hlutum í hagnaði eins tryggingarárs sem ákvarðaðir voru fyrir trygginguna eitt tryggingarár -, iðgjaldsfrían rétt til
- aukalegs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi (hagnaðarlífeyrir) og

- aukalegan umönnunarlífeyri (hagnaðarlífeyrir), ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, sem ákvarðast í prósentum af umsömdum lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða af tryggðum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótagreiðslutímabilin eru þau sömu og gilda um umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu. 1.3, hækkar hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á iðgjaldsfría tímabilinu.

cc) Ráðstöfun við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir, við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían lífeyri með hagnaðarhlutum þessa lífeyris, að frádragnum umsýslukostnaði (→**kostnaður**) samkvæmt 2. mgr. b), tölu. 7.1 við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum eins og reglubundinn lífeyrir. Um útreikning bótahækkunar gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu. 1.8.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu. 1.3, hækkar hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á meðan lífeyrir er greiddur.

dd) Ráðstöfun hagnaðarhluta þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega, við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef tryggður var aukalega iðgjaldsskyldur þáttur Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og enginn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar er greiddur, og ef tryggingin var, - áður en skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölu. 1.2 kom upp - ,

- iðgjaldsskyld, þá fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían rétt til viðbótarlífeyris vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Hann á sjálfur sína tilteknu hlutdeild í hagnaði. Um útreikninga hækkaðra bóta gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu. 1.8.
- iðgjaldsfrí, þá fjármögnum við iðgjaldsfrían eins árs rétt til aukalegs viðbótarlífeyris vegna umönnunar (hagnaðarlífeyrir), sem ákvarðast sem prósentur af umsömdum viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla þættinum í skaut. Bótagreiðslutímabilið er það sama og gildir um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og ef greiddur er reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum sem reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Um útreikning bótahækkana gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu. 1.8.

Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

(2) Ef samið var um hagnaðarlífeyri gildir eftirfarandi:

a) Reglubundnir hagnaðarhlutir fundnir og þeim ráðstafað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →**prósentuhluti** hlutdeildar í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölu. 2.2.2) og viðkomandi →**reiknistuðul**.

Skilgreinda →**prósentuhluti hagnaðar** ákvörðum við árlega, við upphaf tryggingarárs, til eins tryggingarárs í senn.

aa) Reiknistuðlar í iðgjaldsskyldum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsskyldum tryggingum eru

- umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi,
- hugsanlega umsaminn höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur og
- umsaminn umönnunarlífeyrir, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

bb) Reiknistuðlar í iðgjaldsfríum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsfríum tryggingum samkvæmt tölul. 8.1 eru

- umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og
- umsaminn umönnunarlífeyrir, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

cc) Reiknistuðlar við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá eru →**reiknistuðlarnir**

- →**bótahöfuðstóll** lífeyris, við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og
- bótahöfuðstóll umönnunarlífeyris, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, við lok liðins tryggingarárs.

b) Ráðstöfun árlegra arðshluta

aa) Ráðstöfun í iðgjaldsskyldum tryggingum

Við fjármögnum, með þeim árlegu hagnaðarhlutum sem ákvarðaðir voru fyrir trygginguna, iðgjaldsfrían eins árs rétt til

- aukalegs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi (hagnaðarlífeyrir),
 - aukalegan höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur (hagnaðarhöfuðstóll), ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, og
 - aukalegan umönnunarlífeyri (hagnaðarlífeyrir), ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, sem ákvarðast sem prósentur af umsömdum lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, umsömdum höfuðstól, og umsömdum viðbótarlífeyri vegna umönnunar.
- Bótagreiðslutímabilin eru þau sömu og gilda um umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef árlegir hagnaðarhlutir, sem ætlaðir er til að fjármagna iðgjaldsfrían rétt til

- aukalegs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi,
- aukalegan höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur, ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, og
- aukalegan viðbótarlífeyri vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, á grundvelli árlegrar ákvörðunar stjórnar félagsins, eru lægri en fyrra árs, má hækka, iðgjaldsskilyt, umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, höfuðstól þegar upp kemur alvarlegur sjúkdómur, og viðbótarlífeyri við upphaf þessa tryggingarárs, og gildir hún um það sem eftir er af tryggingartíma tryggingarinnar, án nýs áhættumats, um nákvæmlega mismunarpupphæðina. Ef til slíks kemur látum við þig vita í tæka tíð.

Þá myndast 6 vikna frestur til að ákveða hækkunina. Forsenda heimildar til hækkunar er að ekki liggja fyrir hjá

→**hinum tryggða** í upphafi viðkomandi tryggingarárs

- skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2 né
- alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.4.

Í slíku tilfalli hækkar iðgjald ekki í sama hlutfalli og bætur úr tryggingunni.

Hækkunin reiknast samkvæmt samningsgögnum, eins og þau eru á hækkunardegi, einkum →**reiknuðum aldri** →**hins tryggða**, því sem eftir er af tryggingartíma, iðgjaldsgreiðslutíma, hugsanlega umsaminn iðgjaldsálag sem og reglum samkvæmt 2. mg., tölul. 1.8.

bb) Ráðstöfun í iðgjaldsfríum tryggingum

Ef

- tryggingin er iðgjaldsfrí samkvæmt tölul. 8.1, og
- ef →**hin tryggði** er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2, fjármögnum við, - með árlegum hlutum í hagnaði eins tryggingarárs sem ákvarðaðir voru fyrir trygginguna eitt tryggingarár -, iðgjaldsfrían rétt til
- aukalegs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi (hagnaðarlífeyrir) og
- aukalegs umönnunarlífeyris (hagnaðarlífeyrir), ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, sem ákvarðast í prósentum af umsömdum lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða af tryggðum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótagreiðslutímabilin eru þau sömu og gilda um umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, hækkar hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á iðgjaldsfría tímabilinu.

cc) Ráðstöfun við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, fjármögnum við aukalegan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi með hagnaðarhlutum þessa lífeyris, að frádregnum umsýslukostnaði (→**kostnaður**) samkvæmt 2. mgr.b), tölul. 7.1. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum eins og reglubundinn lífeyrir. Um útreikning bótahækkunar gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, hækkar hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á meðan iðgjöld eru greidd.

dd) Ráðstöfun hagnaðarhluta þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega, við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef auk þess var samið um þáttinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og ef ekki var greiddur viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá fjármögnum við, - með hagnaðarhlutum tryggingarþáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar - iðgjaldsfrían eins árs rétt til aukalegs viðbótarlífeyris vegna umönnunar (hagnaðarlífeyrir), sem ákvarðast í prósentum af umsömdum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótagreiðslutímabilið er það sama og gildir um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og ef greiddur er reglubundinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrían viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum sem reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Um útreikning bótahækkunar gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.

Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

(3) Ef samið var um uppsöfnunarbónus gildir eftirfarandi:

a) Reglubundnir hagnaðarhlutir fundnir og þeim ráðstafað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði.

Þá leggjum við til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölu 2.2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Skilgreinda →**prósentuhluti hagnaðar** ákvörðum við árlega, við upphaf tryggingarárs, til eins tryggingarárs í senn.

aa) Reiknistuðlar í iðgjaldsskyldum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsskyldum tryggingum eru

- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og fyrir umsaminn höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu 1.3 og
- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

bb) Reiknistuðlar í iðgjaldsfriðum tryggingum

→**Reiknistuðlar** í iðgjaldsfriðum tryggingum samkvæmt tölu 8.1 eru

- umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og
- umsaminn umönnunarlífeyrir, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

cc) Reiknistuðlar við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá eru →**reiknistuðlarnir**

- →**bótagreiðsluástandi** lífeyris, við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og
- bótagreiðsluástandi umönnunarlífeyris, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, við lok liðs tryggingarárs.

dd) Reiknistuðull vaxtahagnaðarluta af uppsöfnunarbónusi

Auk árlegra hagnaðarluta tryggingarinnar fær uppsöfnunarbónusinn vaxtahagnaðarluti

Við reiknum vaxtahagnaðarluti daglega með fastákvæðum árlegum →**prósentuhlutum í hagnaði** miðað við einn dag og ráðstöfum hagnaðarlutunum daglega.

→**Reiknistuðull** fyrir vaxtahagnaðarlut er →**bótagreiðsluástandi** uppsöfnunarbónussins, að viðbættum þegar ráðstöfuðum árlegum hagnaðarlutum, að frádregnum →**kostnaði** samkvæmt tölu 7.1 mgr. 2 c).

b) Ráðstöfun reglubundinna arðshluta

aa) Ráðstöfun í iðgjaldsskyldum tryggingum

Með hverju gjaldföllnu iðgjaldi öðlast tryggingin hagnaðarlut sem er tiltekin prósentu af

- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og fyrir umsaminn höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu 1.3, og
- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

Við fjármögnum, með árlegu hagnaðarlutum eins tryggingarárs, við upphaf næsta tryggingarárs, hækkan →**bótagreiðsluástandi** uppsöfnunarbónuss.

bb) Ráðstöfun í iðgjaldsfriðum tryggingum

Ef tryggingin er iðgjaldsfrið samkvæmt tölu 8.1, og ef →**hinn tryggði** er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölu 1.2,

fjármögnum við, - með árlegum hlutum í hagnaði eins tryggingarárs sem ákvarðaðir voru fyrir trygginguna til eins tryggingarárs -, iðgjaldsfrið rétt til

- aukalegs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi (hagnaðarlífeyrir) og
- aukalegan umönnunarlífeyri (hagnaðarlífeyrir), ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, sem ákvarðast í prósentum af umsömdum lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða af tryggðum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótagreiðslutímabilin eru þau sömu og gilda um umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu 1.3, hækkan hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á iðgjaldsfrið tímabilinu.

cc) Ráðstöfun við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir, við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, fjármögnum við aukalegan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi með hagnaðarlutum þessa lífeyris, að frádregnum umsýslukostnaði (→**kostnaður**) samkvæmt tölu 7.1, 2. mgr.b), aukalegan iðgjaldsfrið lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum eins og reglubundinn lífeyrir. Um útreikning bótagreiddunar gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu 1.8.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölu 1.3, hækkan hann ekki um hlutdeildina í hagnaði á meðan iðgjöld eru greidd.

dd) Ráðstöfun hagnaðarluta þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega, við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og enginn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar er greiddur, og ef tryggingin var, - áður en skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölu 1.2 kom upp - ,

- iðgjaldsskyld, þá fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrið rétt til viðbótarlífeyris vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarlutum sem falla í skaut þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Hann á sjálfur sína tilteknu hlutdeild í hagnaði. Um útreikninga hækkaðra bóta gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu 1.8.
- iðgjaldsfrið, þá fjármögnum við iðgjaldsfrið eins árs rétt til aukalegs viðbótarlífeyris vegna umönnunar (hagnaðarlífeyrir), - með þeim hagnaðarlutum sem falla þættinum í skaut, sem ákvarðast sem prósentur af umsömdum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótagreiðslutímabilið er það sama og gildir um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og ef greiddur er reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá fjármögnum við aukalegan iðgjaldsfrið viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarlutum sem falla í skaut viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum sem reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Um útreikning bótagreiddunar gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu 1.8.

Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

ee) Ráðstöfun vaxtahagnaðarluta af uppsöfnunarbónusi

Við ráðstöfum daglegum vaxtahagnaðarlutum úr uppsöfnunarbónusi, að frádregnum stjórnumarkostnaði (→**kostnaður**) samkvæmt 2. mgr. c), tölu 7, til hækkanar →**bótagreiðsluástandi** uppsöfnunarbónuss.

ff) Útborgun uppsöfnunarbónuss við lok tryggingatíma eða andlát hins tryggða

Pegar tryggingatími rennur út, greiðum við út →**bótahöfuðstól uppsöfnunarbónussins**.

Ef →**hinn tryggði** andast áður en tryggingatími rennur út, greiðum við út →**bótahöfuðstól** uppsöfnunarbónussins.

2.2.4 Lokahagnaðarhlutdeild uppsöfnunarbónuss

Þessi liður á aðeins við ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfun hagnaðarhluta.

Auk árlegra hagnaðarhluta getur, við samningslok, komið til úthlutunar hlutar í lokahagnaði, það er að segja við

- uppsögn,
- við lok tryggingartíma eða
- andlát →**hins tryggða** fyrir lok tryggingartíma.

Hlutar í lokahagnaði samanstendur af venjulegum hlut í lokahagnaði og þar að auki, í iðgjaldsskyldum tryggingum, af aukalegum lokahagnaðarhlut. Hæð venjulegs hlutar og viðbótarhlutar í lokahagnaði má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 2.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Venjulegur hlutur í lokahagnaði fundinn

Við samningslok (sjá 2. setn., tölul. 2.2.4) finnum við hæð venjulegs lokahagnaðarhluta samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði.

Þá leggjum við til grundvallar →reikniforsendurnar og þá ákvörðun →präsentuhluti í lokahagnaði í hverju tilviki fyrir sig, sem í gildi eru á hverjum tíma öll tryggingarárin. →**Reiknistuðull** venjulegs hlutar í lokahagnaði er í hverju tilviki fyrir sig meðaltal →**bótahöfuðstóls** uppsöfnunarbónuss liðins almanaksárs, hverju sinni.

Stjórnin ákveður hæð allra präsentuhluta lokahagnaðar fyrir eitt almanaksár í senn. Ákvörðun um hæð präsentuhluta í lokahagnaði sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Hlutar í lokahagnaði“.

Við greiðslur höfuðstóls fyrir lok tryggingartímans (til dæmis við uppsögn) getur lokahagnaðarhluturinn orðið lægri, og ræðst það af stöðu vaxta á fjármagnsmarkaði. Frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Hlutar í lokahagnaði við uppsögn“.

(2) Aukalegur hlutur í lokahagnaði fundinn

Við samningslok (sjá 2. setn., tölul. 2.2.4) finnum við hæð aukalegs hluta í lokahagnaði samkvæmt grunnreglum tryggingastærðfræði. Niðurstaðan samsvarar þá hæð árlegs hagnaðarhluta samkvæmt setn. 2 og 3, 3. mgr. a), tölul. 2.2.3, fyrir tímabilið frá upphafi síðasta tryggingarárs til greiðslu bóta.

(3) Ráðstöfun hlutar í lokahagnaði

Ef hlutar í lokahagnaði bætist við í samningslok (sjá 2. setn. tölul. 2.2.4), greiðum við hann út.

2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

2.3.1 Hlutdeild fyrir upphaf lífeyristöku

(1) Hlutdeild við uppgjör eða hagnaðarlífeyrir

Hlutdeild í →matssjóðunum er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Ef samið var um uppgjör eða hagnaðarlífeyri renna reyndar til tryggingarinnar, fyrir upphaf lífeyristöku, litlir eða engir →**matssjóðir**, þar eð engar, eða óverulegar, upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga sem myndað gætu matssjóði.

(2) Hlutdeild í uppsöfnunarbónusi

Ef samið var um uppsöfnunarbónus, veitum við tryggingunni einnig hlutdeild í →**matssjóðunum**.

→Matssjóðunum, sem samkvæmt eftirlitsfyrirmælum ber að taka tillit til við þátttöku →tryggingartakanna, úthlutum við inn á einstaka samninga samkvæmt orsakamiððu reikniaðferðinni sem lýst er í 2. mgr. b). Í því skyni er hæð →**matssjóðanna**

- fundin á ný árlega,
- auk þess einnig á viðmiðunardögum þeim sem gefnir eru út í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

Af reikningslegu ráðstöfuninni er þó ekki hægt að leiða neinar samningsbundnar kröfur um hlutdeild í →matssjóðunum að einhverri tiltekinni hæð. Raunveruleg hlutdeild sem grundvallast á reikningslegri ráðstöfun byggir á mgr. 2 c) til e)

a) Hlutdeildin stofnast

Við veitum tryggingunni hlutdeild í →**matssjóðunum**,

það er að segja við

- uppsögn,
- lok tryggingartíma eða
- andlát →**hins tryggða** fyrir lok tryggingartíma.

b) Orsakamiðað hlutdeild

Hlutdeild í →matssjóðunum er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Samkvæmt þessari aðferð ákvörðum við þá reikningslegu úthlutun úr →matssjóðunum, er kemur í hlut hvers samnings, sem hlut allra samninga sem eiga réttmæta kröfu til →matssjóðanna. Þessi hlutur ræðst af samtölu meðaltals →bótahöfuðstóla samningsins á liðnum tryggingarárum, sem hlutfall meðaltals af samtölu bótahöfuðstóla allra samninga undangenginna tryggingarára, svo framarlega sem þeir eiga kröfurétt.

Viðmiðunardaga fyrir útreikning →matssjóða ákvörðum við fyrirfram fyrir eitt almanaksár í senn. Þær ákvarðanir gefum við út í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

c) Varasjóði virðismismunar úthlutað

Við finnum við lok samnings (sjá 2. mgr. a)) þann hlut sem samningi þínum ber reikningslega á þeim tímamarkum í →**matssjóðum**, fundinn út samkvæmt aðferð sem lýst er í mgr. 2 b). Samkvæmt 3. mgr. 153. greinar laga um tryggingasamninga (VVG) úthlutum við síðan tryggingunni helming þeirrar upphæðar sem þannig finnst. Þar með stofnast tilkall til ráðstafaðrar upphæðar samningsins. Fjármagn til hlutdeilda í →**matssjóðunum** er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 2.1, mgr. 3).

d) Ráðstöfun úthlutaðra matssjóða

Við samningslok (sjá mgr. 2 a) greiðum við út hlutdeildina í →**matssjóðunum**.

e) Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum

Hæð →matssjóðanna, sem uppsöfnunarbónusinn fær hlutdeild í, ræðst af fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við, að teknu tilliti til afkomu, ákvarðað →präsentuhluti í hagnaði svonefndrar grunnupphæðar fyrir hlutdeild í →matssjóðunum. Í samningslok (sjá mgr. 2 a) getur grunnupphæð komið til álita.

aa) Grunnupphæð fundin

Ef grunnupphæð kemur til álita við lok samnings (sjá mgr. 2 a) reiknum við út hæð hennar samkvæmt grunreglum í tryggingastærðfræði. Þá leggjum við til grundvallar →reiknistuðlana og ákvarðaða →prósentuhluti í hagnaði hverju sinni, varðandi grunnupphæð.

→Reiknistuðull grunnupphæðar er hverju sinni →bótahöfuðstóll uppsöfnunarbónuss, á hverju viðkomandi liðnu tryggingarári.

Stjórn okkar ákvarðar hæð allra →prósentuhluta lokahagnaðar fyrir grunnupphæðina fyrir eitt almanaksár í senn, hverju sinni. Ákvörðun um hæð →prósentuhluta í hagnað fyrir grunnupphæðina sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum“.

bb) Úthlutun og notkun grunnupphæðar

Ef við úthlutun samningnum hlutdeild í →matssjóðunum og ef einhver fastákvörðuð grunnupphæð er á þeim tímapunkti, samkvæmt 2. mgr. c), hærrí en verðmæti hlutdeildarinnar, þá úthlutum við samningnum grunnupphæðina. Hún er fundin eins og lýst er í 2. mgr. d). Ef grunnupphæðin er lægri eða ef engin grunnupphæð er ákvörðuð, verður úthlutað þeirri upphæð sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum (sjá 2. mgr. c.).

2.3.2 Hlutdeild reglubundins lífeyris

Reglubundinn lífeyrir öðlast hlutdeild í →matssjóðum með viðeigandi aukinni hlutdeild í hagnaði. Þegar tekin er ákvörðun um þessa →prósentuhluti í hagnaði innan ramma útreiknings á hagnaðarhlutum er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

2.3.3 Eftirlitsákvæði hafa forgang

Þegar veitt er hlutdeild í →matssjóðum erum við bundin af þeim eftirlitsákvæðum sem gilda um okkur, til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við skuldbindingar trygginganna. Slíkt getur í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að hlutdeild í →matssjóðunum verði núll.

3. Bótapegi og millifærsla bóta

Í þessum lið er fjallað um:

- 3.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig má hafa áhrif á það?
- 3.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

3.1 Hver fær tryggingarbæturnar og hvernig má hafa áhrif á það?

(1) Viðtakandi bótagreiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem →tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótapegi). Viðtökurétti bótapega má breyta eða afturkalla hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur), ef til vill þarf hér aukalegt samþykki þriðju aðila. Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

(2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Kveða má skýrt á um að viðtökuréthafi skuli eignast kröfur samkvæmt samningnum, strax og öríftanlega.

Um leið og við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan viðtökurétt úr gildi ef viðtökuréthafi samþykkir, ef til vill þarf hér aukalegt samþykki þriðju aðila.

(3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Hægt er að afsala sér eða veðsetja réttindi samkvæmt samningnum, svo framarlega sem slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt, ef til vill þarf hér aukalegt samþykki þriðju aðila

(4) Skrifleg gögn

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (sjá 1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (sjá 3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti). Réttthafi hingaðtil er yfirleitt þú. En það geta líka verið aðrir, ef þegar hafa verið gerðar viðeigandi bindandi ráðstafanir.

3.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í hvaða tilvikum eru bætur útilokaðar?

Við greiðum engar bætur úr tryggingunni ef tryggingartilvikið er til komið

a) vegna óeirða innanlands, ef →hinn tryggði var í hópi þeirra sem stofnuðu til óeirðanna;

b) beint eða óbeint af völdum stríðsatvika.

Við greiðum þó óskertar bætur ef tryggingartilvik orsakast af beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök, á meðan →hinn tryggði dvelur utan Þýskalands, og sem hann tók ekki virkan þátt í;

c) vegna þess að →hinn tryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess.

Við greiðum þó óskertar bætur ef tryggingartilvikið er eingöngu til komið vegna þess að →hinn tryggði braut lög af gáleysi, vítaverðu gáleysi eða af ráðnum hug (til dæmis í umferðinni) eða braut af sér af gáleysi eða vítaverðu gáleysi (til dæmis í umferðinni);

d) vegna sjálfskapaðs sjúkdóms af ásettu ráði eða orkumissis umfram það sem vænta má af aldri hans, sjálfsáverka af ásettu ráði eða tilraunar til sjálfsvígs.

Við greiðum þó óskertar bætur ef okkur er sannað að verknaðurinn

- hafi verið framið í sjúklega trufluðu andlegu ástandi sem útiloki frjálsar viljaákvæðanir eða
- undir álagi alvarlegra líkamlegra þjáninga;

e) hafi verið framinn ólöglega af þér, sem →tryggingartaka, af ásettu ráði, í því skyni að skerða líkamlegt eða andlegt atgervi og valda →hinum tryggða alvarlegum sjúkdómi eða umönnunarþörf;

f) vegna kjarnorkugeislunar sem stofnar lífi eða heilsu fjölda manns svo í hættu að

almannavarnir eða álíka stofnun gerðu ráðstafanir til að verjast hættunni;

- g) í beinum eða óbeinum tengslum við
- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
 - vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna,
- ef beiting eða losun miða að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur í tilvikum f) og g) ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri bótaskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

5. Sérstakar samstarfsskyldur og skuldbindingar

Í þessum lið er fjallað um:

- 5.1 **Hvaða upplýsinga- og samstarfsskyldur skal hafa í huga þegar krafist er bóta?**
- 5.2 **Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga til að takmarka tjón?**
- 5.3 **Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga þegar sannreyna á bótaskyldu okkar?**
- 5.4 **Hvaða réttaráhrif hefur það að standa ekki við skuldbindingar?**
- 5.5 **Hvaða gagna getum við krafist til viðbótar?**

5.1 Hvaða upplýsinga- og samstarfsskyldur skal hafa í huga þegar krafist er bóta?

(1) Gögn lögð fram

Ef krafist er bóta vegna skerts líkamlegs eða andlegs atgervis samkvæmt tölul. 1.1, tilkomu alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölul. 1.3 eða umönnunarþarfar samkvæmt tölul. 1.5, skal færa okkur tafarlaust, á kostnað umsækjanda, eftirfarandi upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að ákvarða bótaskyldu okkar:

a) Ítarlegar og skýrar skýrslur um niðurstöður sérfræðilækna sem rannsókuðu →hinn tryggða eða sem meðhöndluðu eða meðhöndla viðkomandi,

- þar sem staðfest eru orsök, upphaf, eðli, alvarleiki, framvinda og fyrirsjáanleg lengd meinsins sem og
- eftir atvikum áhrif slíks á eitthvert þeirra atriða tengd líkamlegu eða andlegu atgervi sem lýst er í tölul. 1.2;

b) dómsúrskurður eða vottorð umönnunaraðila þegar mælt er fyrir um lögboðna umönnun;

c) ef farið er fram á bætur úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega:

- auk þess vottorð um eðli og umfang umönnunar, útgefið af umönnunarþjónustu eða þeirri stofnun sem annast →hinn tryggði.
- að svo miklu leyti sem fyrir liggja: bótatilkynning eða bótastaðfesting þess sem er ábyrgur fyrir umönnunarskyldutryggingunni og greinargerð með staðfestingu á umönnunarþörf samkvæmt lögum um félagsþjónustu (SGB) XI.

Og þó svo að gögnin samkvæmt mgr. a) til c) verði lögð fram síðar greiðum við bætur afturvirkir fyrir þann sannanlega tíma skerts

líkamlegs eða andlegs atgervis eða umönnunarþarfar (sjá 2. mgr. a), og 2. mgr. tölul. 1.5).

(2) Samstarf við öflun gagna frá öðrum stöðum

Okkur er heimilt, á okkar kostnað, í því umfangi sem þarf til að staðfesta bótaskyldu okkar, með þínu leyfi, að afla persónuupplýsinga hjá eftirfarandi aðilum og einstaklingum:

- læknum,
- sjúkrahúsum,
- öðrum sjúkrastofnunum,
- hjúkrunarheimilum,
- umönnunarstarfsmönnum,
- sérfræðingum,
- öðrum tryggjendum einstaklinga,
- lögboðnum sjúkrasamlögum,
- starfsgreinasamböndum og
- yfirvöldum.

Heimilt er að neita slíkri gagnaöflun eða afturkalla veitta heimild. Tryggingabætur gjaldfalla þó ekki ef afstaða þín veldur því að getum ekki gengið úr skugga um hvort og að hve miklu leyti við erum bótaskyld.

(3) Samstarf við frekari athuganir og frekari sannanir

Við getum farið fram á að →hinn tryggði verði skoðaður hjá læknum og sérfræðingum að okkar vali og á okkar kostnað. Þá er um að ræða óháða lækna og sérfræðinga sem ekki starfa hjá Allianz-félagi.

Ef →hinn tryggði dvelst erlendis getum við krafist þess að læknisrannsóknirnar fari fram í Þýskalandi. Í því tilviki greiðum við

- kostnaðinn við rannsóknirnar og
- venjulegan ferða- og dvalarkostnað.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, getum við á okkar kostnað farið fram á opinbert vottorð þess efnis að →hinn tryggði sé enn á lífi.

(4) Afleiðing þess að vanrækja skyldur

Bæturnar gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri gagnaöflun í því skyni að leggja mat á tryggingartilvikid og umfang bóta. Ef þú rækir ekki einhverja af þeim skyldum sem tilgreindar eru í þessum kafla getur það leitt til þess að við náum ekki að leggja mat á hvort eða að hve miklu leyti við erum bótaskyld. Brot gegn samstarfsskyldu getur þannig leitt til þess að greiðslur gjaldfalla ekki.

5.2 Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga til að takmarka tjón?

→Hinn tryggði er skuldbundinn til að nota viðeigandi hjálpartæki. Hjálpartæki er viðeigandi ef

- →hinn tryggði hefur notað slíkt áður, notar það nú þegar eða mun nota það framvegis og
- hjálpartækið leiðir til bata á skertu líkamlegu eða andlegu atgervi.

5.3 Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga þegar sannreyna á bótaskyldu okkar?

(1) Bótaskylda sannreynd

Ef við höfum viðurkennt eða staðfest að við séum bótaskyld, er okkur heimilt að sannprófa við

- skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2 eða
- umönnunarþörf samkvæmt tölul. 1.6, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar,

hvort

→ **hinn tryggði** sé enn með skert líkamlegt eða andlegt atgervi eða umönnunarþurfi.

(2) Upplýsinga- og samstarfsskyldur

Þér ber að tilkynna okkur það tafarlaust ef skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul.

1.2 eða umönnunarþörf samkvæmt tölul. 1.6 minnkar.

Til að geta sannreynt stöðuna á hverjum tíma

- þarf hvenær sem er að veita okkur upplýsingar sem málið varða;
- getum við einu sinni á ári farið fram á að læknir á okkar vegum rannsaki → **hinn tryggða** ítarlega.

Kostnað sem af því getur hlotist ber okkur að greiða.

Auk þess gilda þær samstarfsskyldur sem um getur í 2. og 3. mgr. tölul. 5.1.

(3) Bótaskyld okkar fellur niður

Við erum ekki bótaskyld ef við komumst að því að forsendur bótaskyldu sem tilgreindar eru í tölul. 1 eigi ekki við og við útskýrum það fyrir þér skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

Í því tilviki getum við stöðvað bótagreiðslur okkar við lok þriðja mánaðar frá því er tilkynning okkar þar um barst þér. Á þeim tíma ber einnig að greiða iðgjöld á ný, ef iðgjaldsgreiðslutími er ekki runninn út.

5.4 Hvaða réttaráhrif hefur það að brjóta gegn skuldbindingum?

(1) Neikvæð áhrif á bótaskyldu okkar

Ef þú, → hinn tryggði eða sá sem fer fram á bæturnar hefur brotið gegn einhverri skuldbindingu samkvæmt tölul. 5.2 og tölul. 5.3 getur slíkt leitt til þess að við séum ekki eða einungis að hluta til bótaskyld. Við getum aðeins nýtt þetta ákvæði ef við höfum með sérstakri skriflegri tilkynningu (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) bent þér á réttaráhrif þessi. Í einstökum atriðum gildir:

- Ef brotið er gegn þessum skuldbindingum vísitandi erum við ekki bótaskyld.
- Ef brotið er gegn þessum skuldbindingum af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða bótagreiðslurnar. Skerðingin tekur mið af alvarleika sakarefnisins. Ef sannað verður að ekki sé um vítavert gáleysi að ræða skerðast bæturnar ekki.

Eins ef um ásetning og vítavert gáleysi er að ræða ber okkur að greiða bætur ef sannað verður fyrir okkur að brotið gegn skuldbindingum

- hafa hvorki áhrif á tilkomu eða staðfestingu tryggingartilviksins
 - né staðfestingu eða umfangi bótaskyldu
- . Þetta á ekki við ef brotið er gegn skuldbindingu með sviksamlegum hætti.

(2) Skuldbindingar uppfylltar síðar

Ef skuldbindingar eru uppfylltar síðar erum við bótaskyld frá byrjun þess mánaðar þegar staðið var við skuldbindingar samkvæmt þessum reglum.

5.5 Hvaða gagna getum við krafist til viðbótar?

Ef farið er fram á bætur út af samningnum getum við auk þess krafist þess að lögð verði fram gögn með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í 3. tölul. B-hluta.

6. Yfirlýsing varðandi bótaskyldu okkar

Hvenær gefum við út yfirlýsingu varðandi bótaskyldu okkar?

Á meðan bótaskylda er sannprófuð upplýsum við þig eigi sjaldnar en á 4 vikna fresti um framvindu málsins.

Þegar okkur hafa borist öll nauðsynleg gögn tilkynnum við í síðasta lagi að fjórum vikum liðnum skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) hvort við greiðum bætur og þá hversu miklar og frá og með hvaða tímapunkti.

Við höfum alfarið möguleika á tímabundinni viðurkenningu.

7. Kostnaður vegna samningsins

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum lið er fjallað um:

7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

7.2 Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?

7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→ **kostnaður**). Þér ber að greiða hann. Við reiknuðum samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→ **kostnaður**) inn í iðgjaldið, hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→ **kostnaður**) til dæmis til að greiða þóknun tryggingarmiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningsgagna.

a) Kostnaður og umsamin iðgjöld við samningsgerð

Við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→ **kostnaður**) sem prósentuhlut iðgjaldaupphæðarinnar sem samið var um við samningsgerð.

Samningsgerðar- og sölukostnaði (→ **kostnaður**) dreifum við

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka iðgjaldatímans.

b) Kostnaður þegar samtala umsaminna iðgjalda hækkar

Þegar samtala umsaminna iðgjalda hækkar fellum við mismuninn á milli gömlu og nýju samtölu iðgjalda inn í samningsgerðar- og sölukostnað (→ **kostnaður**) sem hér segir:

- Ef bætur hækka á samningstímanum vegna greiðslu iðgjalda, t.d. ef tryggðar bætur hækka (sjá tölul. 10.1) eða
- ef hækkunin gerist smám saman dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→ **kostnaður**) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölunni, frá því er hækkunin tók gildi eins og lýst er í 2. setn., mgr. a).

(2) Annar kostnaður

Samningnum fylgja frekari kostnaðarliðir, svonefndur annar kostnaður (→ **kostnaður**). Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Meðal annarra kostnaðarliða er einkum **umsýslukostnaður** (→ **kostnaður**). Það er → **kostnaður** vegna reglubundinnar umsýslu samningsins.

Allur annar kostnaður (→**kostnaður**) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

a) Annar kostnaður, ef enginn reglubundinn lífeyrir eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar er greiddur

Svo lengi sem við greiðum engan reglubundinn lífeyri við skert líkamlegt- eða andlegt atgervi, eða viðbótarlífeyri vegna umönnunar, leggjum við annan kostnað á samninginn (→**kostnaður**) svona:

- sem árlega upphæð í evrum og
- sem prósentuhlut umsaminna iðgjalda.

Ef bæturnar hækka á tryggingartímanum vegna greiðslu iðgjalda, til dæmis ef tryggðar bætur eru hækkaðar (sjá tölul. 10.1), gildir áðurgreind setning um viðbótariðgjöldin, sem og um hækkaðar bætur sem af slíku hljóast.

b) Umsýslukostnaður þegar greiddur er reglubundinn lífeyrir eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Ef við greiðum reglubundinn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi leggjum við umsýslukostnað á samninginn (→**kostnaður**) sem prósentuhlut greiddra bóta við skert líkamlegt eða andlegt atgervi.

Ef við greiðum bætur úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, leggjum við umsýslukostnað (→**kostnaður**) á samninginn sem prósentuhlut greiddra bóta úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

Ef bæturnar hækka á tryggingartímanum vegna greiðslu iðgjalda, til dæmis ef tryggðar bætur eru hækkaðar (sjá tölul. 10.1), gilda báðar áðurgreindar setningar um viðbótariðgjöldin, sem og um hækkaðar bætur sem af slíku hljóast.

c) Aukalegur umsýslukostnaður sem fellur á umsaminu uppsöfnunarbónus

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhlutanna, leggjum við aukalega umsýslukostnað (→**kostnaður**) á samninginn á samningstímanum, sem árlegan prósentuhlut →**bótahöfuðstóls** uppsöfnunarbónussins.

(3) Hæð kostnaðar

Upplýsingar um hæð samningsgerðar- og sölukostnaðar og annars kostnaðar (→**kostnaður**) má lesa í tryggingargögnunum.

7.2 Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?

Ef ástæður, sem þú berð ábyrgð á, við endursendingu í skuldfærslukerfum, →valda okkur kostnaði sem bankinn innheimtir hjá okkur, innheimtum við hann hjá þér sérstaklega.

8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum lið er fjallað um:

- 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?**
- 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?**
- 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju, eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?**

8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Forsendur

Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá tölul. 2.1, B-hluta).

(2) Lágmarks tryggingabætur

Ef iðgjaldsfrí lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, á þeim tíma þegar fyrirhugað er að gera trygginguna iðgjaldsfría, nemur að minnsta kosti 200 evrum, lækkar tryggður lífeyrir samkvæmt 3. mgr. við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Ef þessar lágmarkstryggingarbætur nást ekki fellur tryggingin niður. **Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhlutanna**, greiðum við, ef slíkt er fyrir hendi, uppsöfnunarbónusinn út.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og ef iðgjaldsfrí umönnunarlífeyririnn samkvæm 3. og 4. mgr., á þeim tíma þegar fyrirhugað iðgjaldsundanþága skal taka gildi, nemur að minnsta kosti 200 evrum, verður tryggður umönnunarlífeyrir samkvæmt mgr. 3 lækkaður. Ef þessar lágmarkstryggingarbætur nást ekki fellur þátturinn Viðbótarlífeyri vegna umönnunar niður.

(3) Áhrif

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds, lækkuð við tryggðan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar. Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur eða ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, lækkuð við þessar tryggðu bætur sömuleiðis samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við →**bótahöfuðstólinn** til grundvallar, eins og hann reiknast þegar iðgjaldsundanþágan tekur gildi, reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar, á reikniforsendum iðgjalda, og beitum við þá ekki útreikningi neikvæðs →**bótahöfuðstóls**. →**Bótahöfuðstóllinn** hefur, í tryggingum með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum, að minnsta kosti það verðgildi sem kemur fram við jafna dreifingu samningsgerðar- og sölukostnaðar, sem ákveðinn er með tilliti til eftirlitsréttarlegra hámarks-Zillmerstiga (→**kostnaður**), á fyrstu 5 tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldsgreiðslutímanum.

Eftir iðgjaldsundanþágu fjármögnum við, - ef →**hinn tryggði** er ekki með skert líkamlegt- eða andlegt- atgervi samkvæmt tölul. 1.2 - , hagnaðarlífeyri (sjá mgr. 1b), 2b) og 3b), tölul. 2.2.3,) undirmgr. bb) hverju sinni, - með þeim hagnaðarhlutum sem ákvarðaðir eru fyrir trygginguna tiltekið tryggingarár.

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhlutanna

á tryggingin áfram hlutdeild í hagnaði vegna vaxta uppsöfnunarbónussins (sjá tölul. 2.2.3, mgr. 3b), undirmgr. ee).

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, helst hlutfallið milli hæðar lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og höfuðstóls, komi upp alvarlegur sjúkdómur, óbreytt eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar helst hlutfall lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og viðbótarlífeyris vegna umönnunar, sömuleiðis óbreytt eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Útreikningur iðgjaldsfrírra bóta fer fram við lok tryggingartímabilsins sem greitt var síðast fullt iðgjald fyrir.

Tölul. 7 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds.
→**Kostnað** í prósentum iðgjalds, samkvæmt 1. mgr. a) og 2a),
tölul. 7.1, reiknum við ekki af upphaflega umsömdum iðgjöldum, -
sem ekki þarf að greiða vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds, -
talið frá þeim tímamarki þegar iðgjaldsundanþága gekk í gildi.

(4) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 3. mgr. reiknum við frádrátt.

Hæð og ástæður frádráttarins eru ákvörðuð í
tryggingarupplýsingunum.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir
þessu og sanna. En ef okkur eru færðar sönnur á að í þínu tilfalli
eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur
frádrátturinn niður eða við lækjum hann - í síðara tilvikinu - að
sama skapi.

(5) Áframhaldandi bótakröfur

Kröfur á grundvelli tryggingarinnar, sem byggja á skertu líkamlegu
eða andlegu atgervi samkvæmt tölul. 1.2, eða uppkomnum
alvarlegum sjúkdómi samkvæmt tölul. 1.4, eða umönnunarþörf
samkvæmt tölul. 1.6, sem upp komu áður en tryggingin var gerð
iðgjaldsfrí, haldast áfram eftir að tryggingin er gerð iðgjaldsfrí.

8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfría.
Samanlögð upphæð innborgaðra iðgjalda á tryggingartímanum
nær ekki endilega þeirri upphæð sem þarf til að mynda iðgjaldsfríar
bætur, vegna þess að frá iðgjöldunum þarf að draga
samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað
(→**kostnaður**), samkvæmt tölul. 7.1, og fjármögnun áhættusjóðs.
Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfríra bóta á samningstímanum í
tryggingagögnunum.

8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

(1) Sexmánaða frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram
á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem
gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda
þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er
útilokkuð ef →**hinn tryggði** er - á þeim tíma þegar iðgjaldsgreiðslur
hefst á ný -

- með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2,
- með alvarlegan sjúkdóm samkvæmt tölul. 1.4 eða er
- umönnunarþurfi samkvæmt tölul. 1.6.

(2) Almennur frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3ja ára
frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með
endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði tryggðar
bætur hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en
tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn,
milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að
endurheimt fyrri tryggingarverndar, einnig verið lengri en 3 ár.

Í þessu tilviki verður endurheimt tryggingarverndar þó að eiga sér
stað í síðasta lagi innan 3ja mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef
foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma
tryggingaverndinni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá
lokum hvers áfanga.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði,
þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um
nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

(3) Möguleikar við endurheimt tryggingarverndar

Til að koma á að nýju þeirri tryggingarvernd sem gilti áður en
undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt,
eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig, án þess að koma fullri tryggingarvernd á
nýju, eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, hefja
iðgjaldsgreiðslurnar á ný. Tryggðar bætur reiknum við samkvæmt
grunnreglum í tryggingastærðfræði.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt
grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnunum gilda reglur
samkvæmt tölul. 1.8, 1. mgr. Við upplýsum um áhrifin ef óskað er.

9. Uppsögn

Í þessum lið er fjallað um:

- 9.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?
- 9.2 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar?
Hvenær má segja upp sérstaklega aukalega
bættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar?

9.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp skriflega (t.d. í bréfi, símbréfi,
tölvupósti) sem hér segir:

- tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum
hætti:hvenær sem er undir lok tryggingartímabils;
- iðgjaldsfríum tryggingum: hvenær sem er við lok yfirstandandi
mánaðar.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur
samkvæmt tölul. 1.3, er ekki hægt að segja þeim höfuðstól upp
sérstaklega.

9.2 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar?

Ef tryggingunni er sagt upp ráðast áhrifin af því hvort →**hinn tryggði**
er, á þeim tíma þegar sagt er upp, er með skert líkamlegt
eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2, eða er umönnunarþurfi
samkvæmt tölul. 1.6.

(1) Skert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn

Ef →**hinn tryggði** er með skert líkamlegt eða andlegt atgervi við
uppsögn lífa kröfur á grundvelli tryggingarinnar, vegna fram komins
skerts líkamlegs eða andlegs atgervis fyrir uppsögn, áfram.
Reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu
atgervi (sjá tölul. 1.1) greiðist áfram við uppsögn.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og →hinn tryggði er umönnunarþurfi við uppsögn, lífa kröfur á grundvelli þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, vegna framkominnar umönnunarþarfar fyrir uppsögn, áfram. Reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar (sjá tölu. 1.5) greiðist áfram við uppsögn. Ef →hinn tryggði er ekki umönnunarþurfi við uppsögn fellur þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar niður.

(2) Óskert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn

Tryggingin fellur niður ef →hinn tryggði er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn.

(3) Afleiðingar uppsagnar

Þú átt hvorki rétt á endurkaupvirði né endurgreiðslu greiddra iðgjalda ef tryggingunni er sagt upp.

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhluta, greiðum við, - ef slíkt er fyrir hendi -, upphæðina sem reiknast út samkvæmt mgr. 4 til 6.

(4) Uppsöfnunarbónus greiddur út

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhluta, greiðum við út, á uppsagnardegi, →**bóthöfuðstól** uppsöfnunarbónussins.

(5) Hlutur í lokahagnaði

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhluta, getur bæst við upphæðina, samkvæmt mgr. 4, hlutur í lokahagnaði (sjá tölu. 2.2.4).

(6) Matssjóðir

Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hagnaðarhluta, getur upphæðin, samkvæmt mgr. 4, hugsanlega hækkað sem nemur →**matssjóðum** sem falla tryggingunni í skaut (sjá tölu. 2.3).

9.3 Hvenær má segja upp sérstaklega aukalega þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar?

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld vegna tryggingarinnar má, við lok tryggingartímabilsins, segja skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) upp sérstaklega þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður sérstaklega.

Uppsögn er einungis heimil fyrir lok sjötta síðasta árs tryggingartímans. Við uppsögn er hvorki fyrir hendi tilkall til endurkaupvirðis né endurgreiðslu iðgjalda.

10. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingarbóta. Tölu. 10.6 til 10.8 gilda aðeins ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hluta í hagnaði.

Í þessum lið er fjallað um:

- 10.1 Hvenær má hækka tryggðar bæt看 án nýs áhættumats?**
- 10.2 Hvenær má láta endurskoða iðgjaldið?**
- 10.3 Hvenær má framlengja umsaminn tryggingartíma tryggingarinnar?**

10.4 Hvenær má breyta þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sjálfstæða umönnunaryrtingu á tryggingartímanum?

10.5 Hvenær má breyta tryggingunni í sjálfstæða umönnunaryrtingu við lok tryggingartímans?

10.6 Hvenær má fresta iðgjaldsgreiðslu?

10.7 Hvenær má, með uppsöfnunarbónusi, hækka umsaminn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi?

10.8 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?

10.9 Hvenær má fjármagna iðgjöld með uppsöfnunarbónusi?

10.1 Hvenær má hækka tryggðar bæt看 án nýs áhættumats?

(1) Sjálfstæð hækkan lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi.

Hægt er að fara fram á að umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi innan fyrstu 5 ára frá upphafi tryggingar, verði hækkaður án nýs áhættumats. Þetta á ekki við ef

- →hinn tryggði var, í meira en 14 almanaksdaga samfleytt á árinu á undan hækkanardegi, ófær um að gegna starfi sínu samfleytt, eða
- ef tryggingin komst á með einfölduðu áhættumati eða
- ef tryggingin komst á með því að hækka aðra tryggingu, eða breyta annarri, eða koma í stað annarrar tryggingar, án nýs áhættumats.

Hækkunin er því aðeins heimil, að árlegur lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi fari ekki yfir 60.000 evrur eftir hækkan.

(2) Hækkun lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi bundin skilyrði

Hægt er að hækka umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, án nýs áhættumats, við eftirtalin tilefni, ef farið er fram á hækkanina innan 12 mánaða frá því er tilefnið átti sér stað:

a) Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling;

b) hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu;

c) hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði;

d) hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur;

e) hinn tryggði gengur í hjónaband;

f) hjónaskilnaður eða slit skráðrar sambúðar hins tryggða, svo framarlega sem hún breytist ekki í hjónaband;

g) laun hins tryggða hækka að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ef →hinn tryggði er launþegi þurfa heildarvinnutekjur á ári (án breytilegra launaliða) að hafa hækkað um að minnsta kosti 10 prósent miðað við undangengið almanaksár.
- Ef →hinn tryggði er sjálfstætt starfandi, þarf hagnaður á 3 undanförunum almanaksárum samfleytt, fyrir skatt, að hafa hækkað hverju sinni um 10 prósent miðað við hagnað, fyrir skatt, á almanaksárinu fyrir 3ja-ára-tímabilið.

- h) →**Hinn tryggði** stóðst meistarapróf;
- i) Hinn tryggði fær prókúruumboð;
- j) Brúttóatvinnutekjur hins tryggða fara í fyrsta skipti upp fyrir gildandi viðmiðunarmörk iðgjalda í þýska lífeyrissjóðnum (Deutschen Rentenversicherung) starfssvæði hins tryggða;
- k) Skylduaðild hins tryggða að lífeyrissjóði tiltekinnar starfsgreinar lýkur;
- l) Lok samnings um lífeyrissjóð fyrirtækis, en á grundvelli hans átt hinn tryggði tilkall til lífeyrissjóðsgreiðslna að uppfylltum svofelldum skilyrðum:
→**Hinn tryggði** er í nýju starfi þar sem honum hefur ekki verið sagt upp störfum, eða hefur hafið sjálfstæðan atvinnurekstur sem krefst aðildar að viðkomandi fagfélagi eða ráði.

- m) Undanþága frá greiðslu iðgjalds í samningi um lífeyrissjóð fyrirtækis þar sem →hinn tryggði átti tilkall til fyrnanlegra eða ófyrnanlegra lífeyrissjóðsgreiðslna að uppfylltum svofelldum skilyrðum:
- Hinn tryggði heldur samningnum um lífeyrissjóð fyrirtækis ekki áfram sem einstaklingssamningi með eigin iðgjöldum.
 - Hinn tryggði** er í starfi þar sem honum hefur ekki verið sagt upp störfum eða hefur hafið sjálfstæðan atvinnurekstur sem krefst aðildar að viðkomandi fagfélagi eða ráði.

(3) Frekari forsendur

Auk þess gildir um hækkun:

- Hinn tryggði** má, við hækkun samkvæmt 1. mgr., ekki hafa náð meira en →**reiknuðum** 40 ára aldri.
- Hinn tryggði** má, við hækkun samkvæmt 2. mgr., ekki hafa náð meira en →**reiknuðum** 45 ára aldri.
- Hinn tryggði er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2 og heldur ekki með alvarlegan sjúkdóm samkvæmt tölul. 1.4.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til hækkunar.

(4) Mörk

Um hækkun umsamins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi án nýs áhættumats gilda svofelld mörk:

- árlegur lífeyrir þarf að hækka um að minnsta kosti 600 evrur;
- árlegur lífeyrir má í mesta lagi hækka um 6.000 evrur.
- margar hækkanir lífeyrisgreiðslna →**hins tryggða** mega samtals ekki hækka um meira en 12.000 evrur árlega.
- Allur núgildandi örorkulífeyrir →**hins tryggða**, og lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi verða samtals að vera í sanngjörnu hlutfalli við tekjur hins tryggða. Þegar brúttóatvinnutekjur nema allt að 60.000 evrum á ári má lífeyrir samtals ekki nema meiru en 70 prósentum brúttóatvinnutekna; þegar brúttóatvinnutekjur →**hins tryggða** eru hærri mega núverandi örorkulífeyrir, og lífeyrir við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, samtals ekki vera hærri en samtala 70 prósentu af 60.000 evrum auk 50 prósentu af því sem er umfram 60.000 evra brúttóatvinnutekjur. Sem brúttóatvinnutekjur teljast í því sambandi meðalbrúttóatvinnutekjur 3ja undangenginna ára.

(5) Áhrif

- Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur, hækkar sá höfuðstóll einnig.

Við hækkun helst hlutfall umsamins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, og umsamins höfuðstóls, óbreytt.

- Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hækkar viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sama hlutfalli og lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.
- Einnig um hækkaðan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, um hækkaðan höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur, og um hækkaðan viðbótarlífeyri vegna umönnunar, gilda þær breytingar og frekari sérstakir samningar um eðli og umfang tryggingarverndarinnar sem lesa má í tryggingarskírteininu. Ef annað er ekki tekið fram þar, gilda um útreikning hækkaðs lífeyris við líkamlegt og andlegt atgervi, hækkaðan höfuðstól, og hækkaðan viðbótarlífeyri vegna umönnunar, reglurnar samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8. Þegar ákveðnar iðgjaldaálögur getum við hækkað að sama skapi.

Við upplýsum um einstök áhrif ef óskað er.

10.2 Hvenær má láta endurskoða iðgjaldið?

Upphæð iðgjalds sem greiða skal ræðst einnig af því starfi sem →**hinn tryggði** gegndi við gerð samningsins. Ef →**hinn tryggði** skiptir um starf má láta endurskoða hvort starfsskiptin leiði til þess að iðgjald sem greiða skal lækki á tryggingartíma sem eftir er.

(1) Forsendur

- Okkur er gerð skriflega grein fyrir nýja starfi →**hins tryggða** (t.d. í bréfi, símbréfi, tölvupósti)
- Hinn tryggði** hefur gegnt nýja starfinu í að minnsta kosti 6 mánuði.

Við getum látið lækkun iðgjalds ráðast af nýju áhættumati.

(2) Áhrif

Leiði athugun okkar í ljós, að starfsskiptin leiði til lækkaðs iðgjalds, reiknum við það iðgjald sem greiða skal, það sem eftir lifir tryggingatímans, samkvæmt reikniforsendum sem gilt hafa frá upphafi samnings. Að öðrum kosti heldur tryggingin áfram með óbreyttu iðgjaldi.

Við greinum þér frá niðurstöðum athugunarinnar.

Við lækkun iðgjaldsins haldast umsamdar álögur og/eða útilokanir áfram óbreyttar.

10.3 Hvenær má framlengja umsaminn tryggingartíma tryggingarinnar?

Þegar reglur um aldursmörk í lífeyrstryggingu Deutschen Rentenversicherung hækka má fara fram á að tryggingartími tryggingarinnar framlengist um jafn langan tíma og hækkun aldursmarka nam. Með lengingu tryggingatímans lengist einnig umsaminn bótagreiðslutími að sama skapi.

(1) Forsendur

- Farið er fram á framlengingu tryggingartíma tryggingarinnar innan 12 mánaða frá gildistöku lögboðnu breytingarinnar varðandi hækkun aldursmarka lífeyristryggingarinnar Deutsche Rentenversicherung.
- Hinn tryggði** má í hæsta lagi vera 50 ára að aldri við framlengingu tryggingartímans.
- Í tryggingu þinni er umsaminn tryggingartími að minnsta kosti til fullra 63 ár lokaaldurs.
- Tryggingin hefur ekki verið gerð iðgjaldsfrí samkvæmt tölul. 8.1.

- → **Hinn tryggði** hefur enn ekki þegið bætur úr Heilsutryggingunni.

(2) Áhrif

Bæturnar haldast enn óbreyttar. Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, framlengist einnig tryggingatími viðbótarlífeyris vegna umönnunar að sama skapi. Frá þeirri stundu þegar framlengt var ákvörðum við iðgjaldið, með tilliti til nýja tryggingartímans, að nýju, samkvæmt grunnreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá getum við einnig lagt til grundvallar aðrar reikniforsendur en notaðar voru við samningsgerð.

Við upplýsum um einstök áhrif ef óskað er.

10.4 Hvenær má breyta þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sjálfstæða umönnunartryggingu við lok tryggingartímanum?

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má, 5, 15 eða 25 árum áður en tryggingatíminn rennur út, fara fram á að við breytum henni í sjálfstæða umönnunartryggingu án nýs áhættumats.

(1) Forsendur

- → **Hinn tryggði** má, þegar umbreyting á sér stað, hvorki í skilningi þessara tryggingarskilmála, né í skilningi tryggingarskilmála nýju, sjálfstæðu umönnunartryggingarinnar, vera umönnunarþurfi.
- → **Hinn tryggði** á engar kröfur um bætur vegna umönnunarþarfar úr lögboðnu umönnunarskyldutryggingunni eða úr annarri einkaumönnunartryggingu, og hefur ekki heldur lagt inn umsókn um bætur.
- Tryggingin hefur ekki verið gerð iðgjaldsfrí samkvæmt tölul. 8.1.
- Skrifleg tilkynning þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir þær tímasetningar sem um getur í setningu 1.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til virkrar umbreytingar.

(2) Mörk

- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn sem þá var samið um má í hæsta lagi samsvara þeim mánaðarlega lífeyri sem síðast samdist um við skert líkamlegt eða andlegt atgerði.
- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn, sem þá var samið um, við vægustu tegund umönnunarþarfar samkvæmt tryggingarskilmálum sem gilda um sjálfstæða umönnunartryggingu, þegar umbreytingin á sér stað (sjá 3. mgr.), má ekki vera hærri en 1.000 evrur.
- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn sem þá var samið um, við hæstu tegund umönnunarþarfar samkvæmt tryggingarskilmálunum sem gilda um sjálfstæða umönnunartryggingu, þegar umbreytingin á sér stað (sjá 3. mgr.) má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

(3) Áhrif

- Bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgerði, og við hugsanlega umsaminn höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur, haldast óbreyttar. Aukalega tryggður þáttur Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar fellur niður. Iðgjald vegna þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar fellur niður.
- Um sjálfstæðu umönnunartrygginguna gilda þeir tryggingarskilmálar, og þær reikniforsendur, sem gert er ráð fyrir við gerð nýrrar sjálfstæðrar umönnunartryggingar, á þeim tíma þegar umbreytingin á sér stað.
- Við reiknum iðgjald eða bætur fyrir sjálfstæðu umönnunartrygginguna samkvæmt grunnreglum tryggingastærðfræðinnar. Iðgjaldið getur hækkað.

10.5 Hvenær má breyta tryggingunni í sjálfstæða umönnunartryggingu við lok tryggingartíma tryggingarinnar?

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má, við lok tryggingatímans, fara fram á að við breytum tryggingunni í sjálfstæða umönnunartryggingu án nýs áhættumats.

(1) Forsendur

- → **Hinn tryggði** má, þegar umbreyting á sér stað, hvorki í skilningi þessara tryggingarskilmála, né í skilningi tryggingarskilmála nýju, sjálfstæðu umönnunartryggingarinnar, vera umönnunarþurfi.
- → **Hinn tryggði** á engar kröfur um bætur vegna umönnunarþarfar úr lögboðnu umönnunarskyldutryggingunni eða úr annarri einkaumönnunartryggingu, og hefur ekki heldur lagt inn umsókn um bætur.
- Tryggingin hefur ekki verið gerð iðgjaldsfrí samkvæmt tölul. 8.1.
- Skrifleg tilkynning þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði áður en tryggingatími tryggingarinnar rennur út.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til virkrar umbreytingar.

(2) Mörk

- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn sem þá er samið um má í hæsta lagi nema þeim mánaðarlega lífeyri sem síðast samdist um við ert líkamlegt eða andlegt atgerði.
- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn, sem þá var samið um, við vægustu tegund umönnunarþarfar samkvæmt tryggingarskilmálum sem gilda um sjálfstæða umönnunartryggingu, þegar umbreytingin á sér stað (sjá 3. mgr.), má ekki vera hærri en 1.000 evrur.
- Mánaðarlegi tryggði umönnunarlífeyririnn sem þá var samið um, við hæstu tegund umönnunarþarfar samkvæmt tryggingarskilmálunum sem gilda um sjálfstæða umönnunartryggingu, þegar umbreytingin á sér stað (sjá 3. mgr.) má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

(3) Áhrif

- Um sjálfstæðu umönnunartrygginguna gilda þeir tryggingarskilmálar, og þær reikniforsendur, sem gert er ráð fyrir við gerð nýrrar sjálfstæðrar umönnunartryggingar, á þeim tíma þegar umbreytingin á sér stað.
- Við reiknum iðgjald eða bætur fyrir sjálfstæðu umönnunartrygginguna samkvæmt grunnreglum tryggingastærðfræðinnar. Iðgjaldið getur hækkað.

10.6 Hvenær má fresta iðgjaldsgreiðslu?

(1) Frestun greiðslu iðgjalds

Hafi samningurinn þegar verið til í 1 ár má fara fram á vaxtalausastu frestun greiðslu iðgjalds í eitt samfellt tímabil, í hæsta lagi í 2 ár. Frestun iðgjalds er möguleg, óháð tilefni, ef enn eru að minnsta kosti 5 ár eftir af tryggingatímanum. Á síðustu 5 árum tryggingatímans er frestun iðgjalds aðeins möguleg, í atvinnuleysi, foreldraorlofi eða í tímabundnum störfum.

Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu. Að gjaldfresti liðnum heldur tryggingin áfram iðgjaldsskyld.

Endurtekin frestun iðgjaldsgreiðslna er því aðeins möguleg, að frestuð iðgjöld frá fyrri frestunum hafi verið greidd að fullu.

(2) Sönnun fyrir atvinnuleysi, hlutastarfi eða foreldraorlofi

Ef farið var fram á frestun á greiðslu iðgjalda á undanförunum 5 árum tryggingartímans vegna atvinnuleysis, tímabundinna starfa eða foreldraorlofs þarf að sanna það með viðeigandi hætti, til dæmis með tilkynningu frá viðkomandi vinnumálastofu. Tilkynna ber okkur tafarlaust þegar atvinnuleysi, foreldraorlofi eða hlutastarfi lýkur.

(3) Frestuð iðgjöld greidd

Þegar gjaldfrestinum lýkur skal greiða upp þau iðgjöld sem frestað var á því tímabili í einni greiðslu eða dreifa þeim á 48 mánuði hið mesta. Ef tryggingunni er sagt upp á meðan fresturinn er í gildi ber að greiða upp frestuð iðgjöld í einni greiðslu fyrir afhendingu uppsagnar. Ef eftirstöðvar iðgjalda eru ekki greiddar upp gerum við þær upp, allt eftir því hvaða ráðstöfun hagnaðar var samið um, með mótreikningi eða hagnaðarlífeyri með því að lækka umsamdar bætur samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hluta í hagnaði, fjármögnum við eftirstöðvar iðgjalda með →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins. Ef →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins nægir ekki til að greiða eftirstöðvar iðgjalda, jöfnum við eftirstöðvarnar með því að lækka umsamdar bætur samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Ef lágmarkstryggingarbætur nást ekki, eftir lækkunina, fellur tryggingin úr gildi án þess að greitt verði endurkaupvirði.

Að frestinum liðnum upplýsum við um upphæð eftirstöðvanna sem greiða ber.

10.7 Hvernig má, með uppsöfnunarbónusi, hækka umsaminn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi?

Þessi liður á aðeins við ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hluta í hagnaði.

Hægt er að hækka umsaminn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, eftir staðfestingu á bótaskyldu okkar, með →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins. Hlutfallsleg ráðstöfun uppsöfnunarbónussins er ekki möguleg. Hækkaðan lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi reiknum við samkvæmt grunnreglum í tryggingarstærðfræði.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, er ekki hægt að hækka hann með →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins.

10.8 Hvenær má taka út höfuðstól úr tryggingunni?

Þessi liður á aðeins við ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hluta í hagnaði.

Hægt er að taka út höfuðstól úr →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins. Fyrir það tókum við úrvinnslugjald sem nemur 15 evrum.

(1) Forsendur

- Ekkert tryggingarskírteinislán má vera fyrir hendi.
- Taka verður út að minnsta kosti 500 evrum.
- Eftirstöðvar →**bótahöfuðstóls** uppsöfnunarbónussins skulu nema að lágmarki 500 evrum eftir úttekt og að teknu tilliti til úrvinnslugjalds.

(2) Áhrif

- Greiðslutímabil og hæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Við úttektina lækka bætur úr hlutdeild í hagnaði

10.9 Hvenær má fjármagna iðgjöld með uppsöfnunarbónusi?

Þessi liður á aðeins við ef samið var um uppsöfnunarbónus vegna ráðstöfunar hluta í hagnaði.

Hægt er hvenær sem er að fara fram á að iðgjöld verði fjármögnuð með uppsöfnunarbónusi, svo lengi sem →**bótahöfuðstóli** uppsöfnunarbónussins fer ekki undir 500 evrum.

Við upplýsum um áhrifin ef óskað er.

11. Breytingar á heilsutryggingu E230

Í sumum samningum (til dæmis samningum með sérstöku samkomulagi um ráðstöfun hagnaðar eða tryggingum innan hópsamninga) breytast eða aukast ákveðnar reglur heilsutryggingar, eða aðrar koma í þeirra stað.

Hvaða breytingar gilda um heilsutrygginguna, sem og þáttinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef hann var tryggður sérstaklega, má lesa í tryggingarskírteininu eða tryggingargögnunum.

Breyting KSP2: Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga, sérstaklega hvað varðar umsaminn lífeyri og fresti, við um einstakar (hluta-)tryggingar, en ekki hópsamninginn.

Í stað tölul. 9 kemur:

„9.4 Hvað gildir um úrsögn úr hópsamningnum?“ Segi →**hinn tryggði** sig úr hópsamningnum fellur tryggingin úr gildi, ef hinn tryggði heldur henni ekki áfram innan 3 mánaða sem einstaklingstryggingu. Falli tryggingin úr gildi, gildir mgr. 9.2 að sama skapi.“

Breyting KSP3: Hvað gildir um heilsutryggingu með vaxandi viðbót?

(1) Eftir hvaða mælikvarða fer hækkun iðgjalda og tryggingabóta?

Iðgjald vegna tryggingarinnar hækkar um það prósentustig fyrra árs sem um var samið. Hæð prósentustigsins ákvarðar þú við gerð samningsins.

Iðgjaldshækkunin veldur hækkun tryggingarbóta án nýrrar áhættukönnunar. Tryggingabæturnar hækka ekki í sama hlutfalli og iðgjaldið. Hækkunin reiknast út frá samningsatriðunum eins og þau eru orðin á hækkunardegi, einkum aldri →**hins tryggða**, því sem eftir er af tryggingartímanum og hugsanlegri iðgjaldsviðbót. Hér gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.

Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, breytist ekki - við iðgjaldshækkun tryggingarinnar - hlutfallið milli upphæðar lífeyris við skert líkamlegt eða

andlegt atgervi, og höfuðstóls, komi upp alvarlegur sjúkdómur.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar hækkar viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sama hlutfalli og lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

(2) Hvenær og hve lengi hækkja iðgjöld og tryggingarbætur?

Iðgjald og tryggingabætur hækkja árlega á samningsdegi tryggingarinnar.

Send verður tilkynning um hækkunina í tæka tíð fyrir hækkunardaginn. Tryggingarvernd úr hverri hækkun hefst hækkunardaginn.

Hækkunir fara fram allt til loka iðgjaldsgreiðslutíma, þó ekki lengur en þar til →**hinn tryggði** hefur náð 55 ára →**reiknuðum aldri**. Síðasta hækkun er í öllum tilfellum í síðasta lagi möguleg þremur árum fyrir lok tryggingartímans.

(3) Fram að hvaða mörkum má hækkja tryggingabæturnar?

Hæð umsamins lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi þarf að vera í sanngjörnu hlutfalli við brúttóatvinnutekjur **hins tryggða**. Ef samtala alls tryggðs árlegs lífeyris vegna óvinnufærni, og lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi →**hins tryggða**, hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, fer yfir 40.000 evrur á ári, er það forsenda virkrar hækkunar, að samtala alls tryggðs árlegs lífeyris vegna óvinnufærni, og lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi hins tryggða, á þeirri stundu, nemi ekki meira en 70 prósentum af brúttóatvinnutekjum á undangengnu almanaksári fyrir hækkunina. Til að hægt sé að staðfesta þetta sendum við þér tímanlega fyrir hækkunardag orðsendingu þar um. Á meðan slík staðfesting hefur ekki borist okkur, kemur ekki til hækkunar.

Taka skal tillit til tryggðs lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, og tryggðs lífeyris við óvinnufærni úr samningum **hins tryggða** hjá okkur og öðrum einkareknum váttryggingendum. Þetta nær ekki til lífeyris eða réttinda úr lögboðnum lífeyristryggingum eða starfsgreinatengdum lífeyrissjóðum. Ef →**hinn tryggði** er sjálfstætt starfandi er hagnaður fyrir skatta ráðandi, í stað brúttóatvinnutekna.

(4) Hvaða önnur ákvæði gilda um iðgjaldið og hækkunirnar?

Öll atriði sem samið er um innan ramma samningsins, einnig ákvörðun um viðtökurétt, eiga sömuleiðis við um hækkun tryggingarbóta.

Áformuð hækkun tryggingabóta samkvæmt samningnum virkjar ekki að nýju þann frest sem um getur í B-hluta, tölul. 1, hvað varðar brot gegn tilkynningaskyldu.

Eftir hækkun tryggingarbóta er ekki hægt að lesa iðgjaldsfríar tryggingarbætur, né heldur frádrátt, í töflunni sem fylgir tryggingargögnunum.

(5) Hvenær er gert hlé á hækkunum?

Hækkunin fellur afturvirkni niður ef henni er mótmælt fyrir lok fyrsta mánaðar eftir hækkunardag eða fyrsta hækkada iðgjald er ekki greitt innan tveggja mánaða eftir hækkunardag. Þú getur gert hlé á hækkunum eins oft og hentar, án þess að tilgreina ástæður. Hækkunir sem ekki voru framkvæmdar er aðeins hægt að endurheimta með samþykki okkar.

Ef farið er fram á frestun iðgjalda tryggingarinnar, kemur ekki til hækkana þann tíma.

Ekki kemur til hækkana ef við greiðum lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi og við höfum leyst þig undan iðgjaldsgreiðsluskyldu, eða við greitt höfuðstól hafi komið upp alvarlegur sjúkdómur. Hækkunir sem framkvæmdar voru, eftir byrjun þess tíma þegar greiða skal bætur úr tryggingunni, en þó áður en fallist var á bótaskyldu, verða bakfærðar.

Breyting KSP: Hvað gildir ef samið var um tryggðan vaxandi lífeyri?

Ef samið var um tryggðan vaxandi lífeyri á meðan greiddur er lífeyrir við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, hækkar tryggður lífeyrir árlega á upphafsdegi tryggingarinnar. Hækkunin ákvarðast sem prósentur tryggðs lífeyris síðasta árs. Ef samið var um höfuðstól, komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölul. 1.3, leiðir tryggður vaxandi lífeyrir við skert líkamlegt eða andlegt atgervi ekki til þess að umsamin höfuðstóll hækki einnig. Það er að segja, hlutfall milli lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi og höfuðstóls breytist árlega á lífeyrisgreiðslutímanum. Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hækkar lífeyrir vegna umönnunar heldur ekki.

Breyting KSP5: Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækis í samningi, þar sem samið var um frávik frá reikniforsendum?

Í stað 1. mgr. tölul. 1.8 kemur:

„(1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- Dánartíðnitöflu „DAV 1994 T“ (→**töflur**),
- kynbundnu töflu okkar „AZ 2016 GF I“ varðandi líkur á því að upp komi skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2 (→**töflur**),
- kynbundnu töflu okkar „AZ 2012 GF TI“ og „AZ 2012 GF RI“ yfir dánarlíkur þeirra sem skertir eru og endurhæfingarlíkur (→**töflur**),
- → **reiknivextina** 0,9 prósent og
- →**kostnað** vegna Heilsutryggingar (sjá nánar í tölul. 7.1).“

Breyting KSP6: Hvað gildir um samninga innan ramma lífeyrisgreiðslna fyrirtækja?

Í stað tölul. 8.3 málsgr. 1 til 3 kemur:

„(1) Sexmánaða frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að heilsutryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 4. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er útilokuð ef →**hinn tryggði** er - á þeim tímapunkti þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast á ný -

með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2

(2) Frestur til að koma tryggingarvernd foreldraorlofs á, að nýju, án áhættumats

Ef tryggingin var gerð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli iðgjaldsundanþágu og endurupptöku greiðslu iðgjalda, numið meira en 6 mánuðum, án þess að við framkvæmum áhættumat. Greiðslu iðgjalds þarf þó að hefja á ný í síðasta lagi innan 3 mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma tryggingaverndinni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá lokum hvers áfanga.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er þó útilokuð ef →**hinn tryggði** er - á þeim tíma þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast á ný - með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölul. 1.2.

(3) Almennur frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju, með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3ja ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 4. mgr. verði tryggðar bætur hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

(4) Leiðir til að koma tryggingarvernd á að nýju

Til að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gildi áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfritt, eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig, án þess að koma fullri tryggingarvernd á að nýju, eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, hefja iðgjaldsgreiðslurnar á ný. Tryggðar bætur reiknum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt tölul. 1.8, 1. mgr. Við upplýsum um áhrifin ef óskað er.“

Tölul. 10.2 fellur niður.

B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér má finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Fram að framlagningu samningsyfirlýsingar ber þér að tilkynna um allar aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, sannleikanum samkvæmt og undandráttaarlaust, og sem við spurðum um skriflega. Aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu eru aðstæður sem hafa veruleg áhrif á ákvörðun okkar um það hvort við gerum þennan samning, eða með því innihaldi sem um er samið.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, sem við spyrjum um á textaformi eftir samningsyfirlýsingu, en fyrir skriflega samþykkt samnings.

b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandráttaarlausum svörum við spurningunum á textaformi.

c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan bótaskyldu okkar,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga á samningnum gildir aðeins ef við höfum, - með sérstakri tilkynningu á textaformi - bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu.

Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

b) Endurkaupvirði og frádráttur við riftun eða véfengingu

Ef við riftum samningnum eða véfengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga, greiðum við endurkaupvirðið, sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingargögnum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef okkur eru færðar sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við, eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækjum hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður, ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í tryggingartilvik

sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setni. nemur tíu árum, ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til véfengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður, ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækjum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við áhættuáðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málsgr. 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingarvernd er aukin eða endurheimt eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Skriflegra gagna krafist

Krafist er skriflegra gagna þegar beita skal rétti til riftunar, uppsagnar, véfengingar eða breytingar á samningi. Símbréf eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

(6) Umboð til móttöku

Hafi enginn annar verið tilgreindur sem umboðsmaður telst viðtökuréttshafi hafa umboð til þess, að þér látinni/látnum, að taka við yfirlýsingu frá okkur. Ef enginn viðtökuréttshafi er fyrir hendi, eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans, getum við lítið svo á að handhafi tryggingarskráteisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingu.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum lið er fjallað um:

- 2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?
- 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?
- 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?

(1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einni upphæð eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilvik, og eftir því hvernig um samdist, getur greiðslutímabil verið einn mánuður, ársfjórðungur, hálf tveggja eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskráteisnum. Iðgjöld eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um váttryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjaldþagi iðgjalds

a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að

tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili, hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (sjá 5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnaður.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur SEPA-skuldfærsluheimild.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfis;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C-hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi tölul. 2.1, mgr. 2a) hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir tryggingartilvik sem koma upp í millitíðinni, nema okkur sé sýnt fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur, ef við höfum með sérstakri, skriflegri tilkynningu (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskránni, bent á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma getum við rift samningnum, svo lengi sem greiðslan er ekki innt af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskildum tíma í skilningi 2. mgr. b), tölul. 2.1 er það komið í vanskil, án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

(2) Frestir

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti), á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

(3) Tryggingarvernd fellur niður, eða skerðist, ef frestur líður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda, getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er, að við höfum bent á þau réttaráhrif um leið og frestur var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og frestur er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

(5) Samningur heldur áfram, ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftirá

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin, eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir tryggingarmál sem koma upp, milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi, fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

3. Aðrar samstarfsskyldur

Hverjar eru aðrar samstarfsskyldur?

(1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um trygginguna og tilkynna um þau, verður að láta okkur í té tafarlaust - sem merkir án saknæmrar tafar - nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn, við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðarmeir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem okkur eru látin í té við samningsgerð, eða þegar eftir því er leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum, og ef staða hans varðandi gagnaöflun og tilkynningar er einnig afgerandi, á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru öll málsatvik sem geta verið afgerandi við mat á persónulegu skattalegu lögheimili þínu, skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins, sem og skattalegu lögheimili bótaþega. Þar veða þyngst þýsk og erlend skattaleg lögheimili, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingarstaður og heimilisfang, skattalegt auðkennisnúmer, fæðingardagur, fæðingarstaður og lögheimili.

(3) Samstarf vegna lögboðinnar tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við, sem vátryggjandi, lútum lögboðinni tilkynningaskyldu, þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattfyrvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té, eða ekki á tilskuldum tíma, verður að gera ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattfyrvöldum um samningsgögnin, óháð því hvort skattalegt lögheimili erlendis sé fyrir hendi eða ekki.

Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. mgr. er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

4. Breytingar á B-hluta

Í sumum samningum um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja, eða innan ramma hópsamninga, breytast ákveðnar reglur þátta þinna með nokkrum eftirfarandi reglum, verða ítarlegri fyrir þeirra tilstilli eða nýjar koma í þeirra stað. Hvaða breytingar gilda um trygginguna hverju sinni, má lesa í tryggingarskírteini eða tryggingargögnum.

Breyting B1: Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu. Þá falla niður 2. og 3. setn., 3. mgr., tölul. 2.1, sem og 5. mgr.

Breyting B2: Hvað gildir um hópsamninga?

Í hópsamningum ganga í gildi áður nefnd réttaráhrif í tölul. 2.2 og 2.3, við vanskil í hópsamningnum, jafnvel þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

Breyting B3: Hvað gildir um tryggingar innan ramma innri jöfnunar lífeyrisréttinda?

Tölul. 2 fellur niður.

C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framfarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarvernd?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarvernd hefst við samningsgerð, en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteini.

Tryggingarvernd hefst því aðeins á tilgreindum tíma að greitt sé fyrsta, eða einstakt, iðgjald á réttum tíma, í skilningi 2. mgr. a), tölul. 2.1, í B-hluta. Ef iðgjaldið er ekki greitt á réttum tíma hefst tryggingarvernd ekki fyrr en frá þeim tíma þegar iðgjald er greitt (sjá 1. mgr. tölul. 2.2, í B-hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

Eða býr að staðaldri ef lögheimili er ekkert.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina, sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum okkar á hendur þér

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað, má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar, sem annast samninginn, er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur, eða það útibú sem annast samning þinn.

(3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur heimili þitt til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss, getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál út af tryggingarsamningnum, eða tryggingarmiðluninni, fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eru.

2. Tryggingarskírteini

Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteini?

(1) Handhafi

Við getum litið svo á að handhafi tryggingarskírteinis hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega til að taka við bótum. En við getum krafist þess að handhafi tryggingarskírteinis sanni okkur rétt sinn.

(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef réttihafi hefur veitt öðrum, eða afturkallað viðtökurétt, eða afsalað sér eða veðsett kröfur, þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá handhafa tryggingarskírteinis, ef sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um ráðstöfunina skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

3. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

4. Varnarþing

Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

(1) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum þínum á hendur okkur

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn er, eða höfuðstöðvar eru. Einnig má leggja fram kæru í þeim dómstól þar sem váttryggingartaki býr á þeim tíma þegar kærán er lögð fram.

5. Fyrning

Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur sem byggja á samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan bótaskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þeim, sem lagði kröfuna fram, berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

6. Upplýsingar á samningstíma

Árlega, frá og með 2. Tryggingarári og fram að upphafi bótatímabils, sendum við tilkynningu þar sem sjá má upphæð tryggingarbóta og, ef um þáttinn Ellilífeyrir er að ræða, auk þess stöðu höfuðstóls.

Eins má fá þessar upplýsingar hvenær sem óskað er.

7. Breytingar á C-hluta

Í sumum samningum um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja, eða innan ramma hópsamninga, breytast ákveðnar reglur þátta þinna með nokkrum eftirfarandi reglum, verða ítarlegri fyrir þeirra tilfalli eða nýjar koma í þeirra stað. Hvaða breytingar gilda um trygginguna hverju sinni, má lesa í tryggingarskírteini eða tryggingargögnum.

Breyting C1: Hvað gildir um hópsamninga?

Í hópsamningum miðast iðgjald við upphafsstöðu hópsamnings.

Breyting C2: Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

2. mgr. tölul. 2 fellur brott.

Breyting C3: Hvað gildir um tryggingar innan ramma innri jöfnunar lífeyrisréttinda?

Í stað tölul. 1 kemur:

„1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarvernd?

Tryggingarvernd hefst sama dag og úrskurður fjölskylduréttar tekur gildi.“

Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Hér eru þessi fræðihugtök auðkennd með „→“. Dæmi:
→**Tryggingartaki**.

Virkur bankadagur:

Virkir bankadagur, einnig nefndir viðskiptadagur, eru þeir dagar þegar lánastofnanir í Þýskalandi eru opnar fyrir almenn viðskipti. Mánudagur til föstudags eru alla jafnan virkir bankadagur. Helgar og þýskir helgidagar á landsvísi sem og 24.12. og 31.12 eru ekki virkir bankadagur.

Matssjóðir:

Þegar fjárfestingar okkar eru metnar geta myndast matssjóðir. Þeir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. Matssjóðir tryggja öryggi og gera það kleift að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hlutdeildar í hagnaði vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræði. Reiknistuðlar ráðast einkum af umsömdu iðgjaldi, hæð umsamins lífeyris við skert líkamlegt eða andlegt atgervi, af aldri hins tryggða og af lífeyrisgreiðslutíma. Reiknistuðlar eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður samkvæmt viðurkenndum reglum í tryggingastærðfræði út frá reikniforsendum iðgjaldaútreiknings.

Framlag í bótasjóð:

Vátryggjendum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Þeir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingabætur.

Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og reglugerðar um bótasjóði.

Kostnaður:

Kostnaður, í skilningi þessara tryggingarskilmála, er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölu-kostnaður, sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara tryggingarskilmála telst auk þess kostnaður af þínum völdum, sem innheimta má sérstaklega.

Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári, sem er hafíð en ekki lokið, bætt við, ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir. Dæmi: Viðkomandi reiknast 62 ára að aldri þegar minna en 6 mánuðir eru í 62. afmælisdag.

Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósentu sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda:

Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingatæknilegur varasjóður í ársuppgjöri vátryggjanda. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlaga. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

Töflur:

Með töflum getum við fundið líkur á að tiltekni atburðir gerist. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar, sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum getum við fundið út dánarlíkur.
- Með frekari töflum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis tilkomu skerðingar á líkamlegu eða andlegu atgervi, eða tilkomu alvarlegs sjúkdóms, ákveðin líkindi. Við getum auk þess ákvarðað tilteknum atvikum líkindi, svo sem til dæmis endurhæfingu.

Prósentuhlutur í hagnaði:

Prósentuhluti í hagnaði ákvörðum við sem prósentuhluti tiltekinn reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig, sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarluta (sjá tölul. 2.2, A-hluta - Heilsutrygging). Prósentuhluti í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar, eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert líftryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Hann verður að vera áreiðanlegur og hæfur, og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum, og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (141. gr. laga um tryggingaefirlit - VAG).

Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er með Heilsutryggingu. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki.

Vátryggingartaki:

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu. Réttindi og skyldur, sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum, eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

Viðauki við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“

Hér er að finna útdrátt úr lögum um almannatryggingar (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, sem gildi tóku 01.01.2017.

14. grein laga um félagsþjónustu (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, sem gildi tóku 01.01.2017, „Hugtakið Umönnunarþörf“

(1) Umönnunarþurfi í skilningi þessara laga eru þeir sem, af heilsufarsástæðum, sýna skert sjálfstæði eða atgervi, og þarfnast því aðstoðar annarra. Hér þurfa að eiga í hlut þeir sem ekki geta af sjálfsdáðum bætt upp eða náð tókum á líkamlegri, vitsmunalegri eða sálrænni skerðingu eða álagi eða kröfum af heilsufarsástæðum. Umönnunarþörfin þarf að vera varanleg, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti 6 mánuði, og að minnsta kosti af þeirri alvarleikategund sem lýst er í 15. grein.

(2) Ráðandi um það hvort fyrir hendi sé heilsufarsleg skerðing sjálfstæðis eða atgervis eru umönnunarforsendur þær sem tilgreindar eru í eftirfarandi 6 sviðum:

1. Hreyfanleiki: Skipt um líkamsstillingu í rúmi, setið í stöðugri stellingu, skipt um stellingu, komast leiðar sinnar innan híbýla, gengið upp stiga;
 2. vitsmunaleg og samskiptaleg færni: Bera kennsl á fólk í eigin nærumhverfi, rötun, tímaleg áttun, munað eftir mikilvægum atburðum eða athugunum, stjórn höfð á margþættum athöfnum daglegs lífs, ákvarðanir teknar í daglegu lífi, skilningur á málsatvikum og upplýsingum, skynbragð borið á áhættum og hættum, gerð grein fyrir grunnþörfum, hvatningarorð skilin, þátttaka í samtali;
 3. Hegðan og sálrænt erfiðar aðstæður: sérkennilegt hreyfingamynstur, næturórói, sjálfsskaða- og sjálfársárasarhegðun, munir eyðilagðir, líkamleg árásarkennd hegðun gagnvart öðrum, árásarkenndur talsmáti, annar sérkennilegur umönnunartengdur talsmáti, mótþrói gegn umönnun og annarri aðstoð, ranghugmyndir, ótti, skortur á frumkvæði í depurð, félagslega óviðeigandi hegðan, aðrar umönnunartengdar óviðeigandi athafnir;
 4. Sjálfbjarga: Efrihluti líkama að framanverðu þveginn, höfuð þrifið og snyrt, kynfærasvæði þvegið, baðast og farið í sturtu ásamt hárpvotti, klæðst og afklæðst á ofanverðum líkama, klæðst og afklæðst á neðanverðum líkama, matreitt í hæfilega stórum bitum og drykkjum skenkt, matast, drukkið, notkun salernis eða salernisstóls, höfð stjórn á afleiðingum þvagleka og umgengni við þvaglegg og þvagveituaðgerð, höfð stjórn á afleiðingum hægðaleka og umgengni við veituoþ, nærst framhjá meltingarvegi eða um slöngu, fyrir hendi eru alvarleg vandamál við næringarnám hjá börnum að 18 mánaða aldri sem valda óvenjumikilli umönnunarþörf;
 5. Hefur fullt vald á og er sjálfbjarga með tilliti til sjúkdóms- eða meðferðartengdra krafna og álags:
 - a) með tilliti til lyfjagjafar, inndælingar, notkunar æðaleggja, sogs og súrefnisgjafar, notkunar áburða sem og kaldra og heitra bakstra, mælingar og túlkunar líkamsástands, hjálpartækja sem liggja að líkamanum,
 - b) með tilliti til umbúðaskipta og sáraumbúnaðar, notkunar veituoþa, reglulegrar notkunar einnota holleggja og notkunar hægðalosandi aðferða, meðferðarúrræða heimavið,
 - c) með tilliti til tímafrekra og tækjakrefjandi aðgerða heimavið, læknisheimsókna, heimsókna til annarra lækningalegra eða meðferðartengdra aðila, heimsókna til lækningalegra eða meðferðartengdra aðila sem taka langan tíma, heimsókna til aðila sem sinna þroska ungra barna sem og
 - d) með tilliti til matarkúra eða annarra lækningalegra eða meðferðartengdra fyrimæla;
 6. Mótun daglegs lífs og félagslegra samskipta: Mótun daglegra athafna og aðlögun að breytingum, hvíld og svefn, hafa nóg fyrir stafni, gera framtíðaráætlanir, beint samneyti við annað fólk, rækja samskipti við fólk utan nánasta nærumhverfi.
- (3) Tekið er tillit til skerðinga, sem tilgreindar eru í forsendum 2. mgr., á sjálfstæði eða færni, sem leiða til þess að heimilishaldi verður ekki stýrt hjálparlaust.

15. grein almannatryggingalaga (SGB) XI, útgáfu 21.12.2015, sem gildi tók 01.01.2017, „Stig umönnunarþarfar fundið, vottunarforsendur“

(1) Þeim sem eru umönnunarþurfi eru gefin stig umönnunarþarfar (umönnunarstig) samkvæmt alvarleika skerðingar á sjálfstæði eða færni. Umönnunarstig er fundið á umönnunarfaglegum vottunarforsendum.

(2) Vottunarforsendum er skipt í sex einingar, sem samsvara sviðunum sex í 14. grein, 2. mgr. Í hverri einingu er, - í forsendunum sem nefndar eru í sviðunum -, gert ráð fyrir þeim flokkum sem lýst er í fylgiskjali 1. Flokkarnir lýsa þeim mismunandi stigum alvarleika sem þar koma fram, varðandi skert sjálfstæði eða færni. Flokkunum eru veittir punktar á umönnunarfaglegum grunni, hvað varðar einstakar forsendur, sem sjá má í fylgiskjali 1. Í hverri einingu er samtölum punkta sem hægt er að ná hverju sinni, skipt niður samkvæmt fastákveðnum punktastíðum, sjá fylgiskj. 2. Allt eftir alvarleikastigum skerðingar á sjálfstæði eða færni, sem þar er lýst, flokkast samtölur punktanna sem hér segir:

1. Punktastíð 0: engin skerðing á sjálfstæði eða færni,
2. Punktastíð 1: lítil skerðing á sjálfstæði eða færni,

Tryggingarskilmálar:

Viðauki við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“

3. Punktasvið 2: veruleg skerðing á sjálfstæði eða færni,
4. Punktasvið 3: alvarleg skerðing á sjálfstæði eða færni og
5. Punktasvið 4: alvarlegasta skerðing á sjálfstæði eða færni.

Hverju punktastíði í hverri einingu eru, - að teknu tilliti til alvarleika skerðinga á sjálfstæði eða færni, sem þar koma fram - , og að teknu tilliti til eftirfarandi vægis eininganna - , veittir vegnir punktar sem ákvarðaðir eru í fskj. 2. Einingar vottunarforsendna eru vegnar sem hér segir:

1. Hreyfanleiki, 10 prósent,
2. vitsmunaleg og samskiptaleg færni, sem og hegðan og sálrænt erfiðar aðstæður, samanlagt 15 prósent,
3. sjálfsbjargargeta, 40 prósent,
4. hefur fullt vald á, og er sjálfbjarga með tilliti til sjúkdóms- eða meðferðartengdra krafna og álags, 20 prósent,
5. mótun daglegs lífs og félagslegra samskipta, 15 prósent.

(3) Þegar umönnunarstig er fundið skal leggja saman ákvarðaða staka punkta í hverri einingu, samkvæmt matinu, og skipa þeim í tiltekið punktastíði, sem og þeim vegnu punktum sem þar af leiðir, samkvæmt fskj. 1. Í einingar 2 og 3 skal skipa sameiginlegan veginn punkt, sem samanstendur af hæstu vegnu punktum, annað hvort úr einingu 2 eða einingu 3. Úr vegnum punktum allra eininga skal mynda heildarpunkta, með samlagningu. Á grundvelli þessara heildarpunkta skal raða þeim sem umönnunarþurfi eru, í eitt eftirfarandi umönnunarstiga:

1. Frá 12,5 til undir 27 heildarpunktum, í umönnunarstig 1: lítil skerðing á sjálfstæði eða færni,
2. frá 27 til undir 47,5 heildarpunktum, í umönnunarstig 2: veruleg skerðing á sjálfstæði eða færni,
3. frá 47,5 til undir 70 heildarpunktum, í umönnunarstig 3: alvarleg skerðing á sjálfstæði eða færni,
4. frá 70 til undir 90 heildarpunktum, í umönnunarstig 4: alvarlegasta skerðing á sjálfstæði eða færni,
5. frá 90 til 100 heildarpunkta, í umönnunarstig 5: alvarlegasta skerðing á sjálfstæði eða færni, sem gerir miklar kröfur til umönnunaraðila.

(4) Þeim sem eru umönnunarþurfi, með sérstakar umönnunarþarfir, sem krefjast sérstakrar, óvenjumikillar hjálpar, sem gerir miklar kröfur til umönnunaraðila má, af umönnunarfaglegum ástæðum, skipa í umönnunarstig 5, jafnvel þó svo að heildarpunktar þeirra séu undir 90. Heildarsamtök umönnunarástæða (Spitzenverband Bund der Pflegekassen) tilgreina í leiðbeiningum samkvæmt 17 gr., 1. mgr., umönnunarfaglegar forsendur slíkra sérstakra umönnunarþarfa.

(5) Við vottunina skal einnig taka tillit til forsendna sem leiða til aðstoðarþarfa sem fellur undir bætur Fimmtu bókar (Fünften Buches). Þetta gildir einnig um sjúkdómssértækar umönnunarráðstafanir. Sjúkdómssértækar umönnunarráðstafanir eru ráðstafanir við meðferðarumönnun, þar sem meðferðarumönnun krefst aðstoðar af læknisfræðilegum-umönnunarlegum ástæðum, í senn reglulega og til langframa, sem óaðskiljanlegur hluti umönnunarráðstafana á þeim sex sviðum sem tilgreind eru í 14. gr., 2. gr., eða tengist þeim beint, nauðsynlega, eðli málsins samkvæmt og hvað tímasetningu áhræfir.

(6) Hjá börnum sem eru umönnunarþurfi er umönnunarþörf fundin með samanburði á skerðingu á sjálfstæði þeirra og færni, við þroskuð börn á sama aldursskeiði. Að öðru leyti gilda mgr. 1 til 5 eftir því sem við á.

(7) Börn á aldrinum allt að 18 mánaða, og eru umönnunarþurfi, flokkast sem hér segir; sem eru frávik frá 3., 4. og 6. mgr., 2. setn.:

1. Frá 12,5 til undir 27 heildarpunktum, í umönnunarstig 2,
2. frá 27 til undir 47,5 heildarpunktum, í umönnunarstig 3,
3. frá 47,5 til undir 70 heildarpunktum, í umönnunarstig 4,
4. frá 70 til 100 heildarpunkta, í umönnunarstig 5.

Fylgiskjal 1 (sjá 15. gr)

Einstakir punktar eininga 1 til 6;

Myndun samtölu einstakra punkta í hverri einingu, eining 1:

Einstakir punktar á sviði hreyfanleika

Einingin tekur til fimm forsendna, og eru þær vegnar í eftirfarandi flokkum með svofelldum einstökum punktum:

Töluliður	Forsendur	sjálfstæður	mestmegnis sjálfstæður	mestmegnis ósjálfstæður	ósjálfstæður
1.1	Skipt um líkamsstillingu í	0	1	2	3
1.2	Setið í stöðugri stellingu	0	1	2	3
1.3	Skipt um stellingu	0	1	2	3
1.4	Komast leiðar sinnar innan híbýla	0	1	2	3
1.5	Gengið upp stiga	0	1	2	3

2. eining: Einstakir punktar á sviði vitsmunalegrar og samskiptalegrar færni

Einingin tekur til ellefu forsendna, og eru þær vegnar í eftirfarandi flokkum með svofelldum einstökum punktum:

Tölul.	Forsendur	Færni til staðar/óskert	Færni mestmegnis til staðar	Færni að litlu leyti til staðar	Færni ekki til staðar
2.1	Bera kennsl á fólk í eigin nærumhverfi	0	1	2	3
2.2	Rötun	0	1	2	3
2.3	Tímaleg áttun	0	1	2	3
2.4	Munað eftir mikilvægum atburðum eða athugunum	0	1	2	3
2.5	Stjórn höfð á margþættum athöfnum daglegs lífs	0	1	2	3
2.6	Ákvarðanir teknar í daglegu lífi	0	1	2	3
2.7	Skilningur á málsatvikum og upplýsingum	0	1	2	3
2.8	Skynbragð borið á áhættur og hættur	0	1	2	3
2.9	Gerð grein fyrir grunnþörfum	0	1	2	3
2.10	Hvatningarorð skiliin	0	1	2	3
2.11	Þátttaka í samtali	0	1	2	3

3. eining: Einstakir punktar á sviði hegðunar og sálrænt erfiðra aðstæðna

Einingin tekur til þrettán forsendna, og er tíðni þeirra vegin í eftirfarandi flokkum með svofelldum einstökum punktum:

Töluliður	Forsendur	Aldrei eða mjög sjaldan	Sjaldan (einusinni til þrisvar á tveggja vikna tímabili)	Oft (tvisvar til margsinnis á viku, en ekki daglega)	Daglega
3.1	Sérkennilegt hreyfingamynstur	0	1	3	5
3.2	Næturórói	0	1	3	5
3.3	Sjálfskaða- og sjálfsárásarhegðun	0	1	3	5
3.4	Munir eyðilagðir	0	1	3	5
3.5	Líkamleg árásarkennd hegðun gagnvart öðrum	0	1	3	5
3.6	Árásarkenndur talsmáti	0	1	3	5
3.7	Annar sérkennilegur umönnunartengdur talsmáti	0	1	3	5
3.8	Mótþrói gegn umönnun og annarri aðstoð	0	1	3	5
3.9	Ranghugmyndir	0	1	3	5
3.10	Ótti	0	1	3	5
3.11	Skortur á frumkvæði í depurð	0	1	3	5
3.12	Félagslega óviðeigandi hegðan	0	1	3	5
3.13	Aðrar umönnunartengdar óviðeigandi athafnir	0	1	3	5

4. eining: Einstakir punktar á sviði sjálfsbjargargetu

Einingin tekur til þrettán forsendna:

Einstakir punktar forsendna tölul. 4.1 til 4.12

Forsendur 4.1 til 4.12 eru vegnar í eftirfarandi flokkum með svofelldum punktum:

Töluliður	Forsendur	sjálfstæður	mestmegnis sjálfstæður	mestmegnis ósjálfstæður	ósjálfstæður
4.1	Efrihluti líkama að framanverðu þveginn	0	1	2	3
4.2	Höfuð þrifið og snyrt	0	1	2	3
4.3	Kynfærasvæði þvegið	0	1	2	3
4.4	Baðast og farið í sturtu ásamt hárvotti	0	1	2	3
4.5	Klæðst og afklæðst á ofanverðum líkama	0	1	2	3
4.6	Klæðst og afklæðst á neðanverðum líkama	0	1	2	3
4.7	Matreitt í hæfilega stórum bitum og drykkjum skenkt,	0	1	2	3
4.8	Matast	0	3	6	9
4.9	Drukkið	0	2	4	6
4.10	Notkun salernis eða salernisstóls	0	2	4	6
4.11	Höfð stjórn á afleiðingum þvagleka og umgengni við þvaglegg og þvagveituaðgerð	0	1	2	3
4.12	Höfð stjórn á afleiðingum hægðaleka og umgengni við veituoþ	0	1	2	3

Forsendur tölul. 4.8 sem og forsendna tölul. 4.9 og 4.10 eru vegnar þyngra, vegna sérstakrar þýðingar þeirra við alla umönnun.

Einstakir punktar forsendna tölul. 4.11 og 4.12 eru aðeins teknir með í útreikninginn, ef við mat á hinum tryggða er auk þess komist að niðurstöðunni „mestmegnis lausheldin(n)“ eða „að öllu leyti lausheldin(n)“, eða ef hægðir eða þvag eru losuð með tæknilegu inngrípi.

Einstakir punktar forsendna tölul. 4.13

Forsendur 4.13 eru vegnar í eftirfarandi flokkum með svofelldum einstökum punktum:

Töluliður	Forsendur	Fellur brott	Að hluta til	Að öllu leyti
4.13	Nærst framhjá meltingarvegi eða um slöngu	0	6	3

Forsenduna skal meta með „Fellur brott“ (0 punktar), ef regluleg og dagleg næring framhjá meltingarvegi eða um slöngu til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, er ekki nauðsynleg. Ef næring framhjá meltingarvegi eða um slöngu er möguleg af eigin rammleik, án utanaðkomandi aðstoðar, eru sömuleiðis ekki gefnir neinir punktar.

Forsenduna skal meta með „Að hluta til“ (6 punktar), ef næring framhjá meltingarvegi eða um slöngu fer fram með utanaðkomandi aðstoð daglega, til að koma í veg fyrir næringarskort, til viðbótar við inntöku næringar eða vökva um munn.

Forsenduna skal meta með „Að öllu leyti“ (3 punktar), ef inntaka næringar eða vökva gerist eingöngu, eða nánast eingöngu, framhjá meltingarvegi eða um slöngu.

Við algera næringu framhjá meltingarvegi eða um slöngu eru færri punktar gefnir en við næringu að hluta til framhjá meltingarvegi eða um slöngu, vegna þess að oft mikill kostnaður við aðstoð við næringarnám um munn fellur að stórum hluta brott, við næringu framhjá meltingarvegi eða um slöngu.

Einstakir punktar forsendu tölul. 4-K

Hjá börnum á aldrinum að 18 mánaða kemur, í stað forsendna tölul. 4.1 til 4.13, forsenda 4.K, og vegin sem hér segir:

Töluliður	Forsenda	Einstakir punktar
4.K	Fyrir hendi eru alvarleg vandamál við næringarnám hjá börnum að 18 mánaða aldri sem valda óvenjumikilli umönnunarbörf	20

5. eining: Einstakir punktar á sviði Hefur fullt vald á og er sjálfbjarga með tilliti til sjúkdóms- eða meðferðartengdra krafna og álags

Einingin tekur til sextán forsendna: Einstakir punktar

forsendna tölul. 5.1 til 5.7

Meðaltíðni aðgerða á dag forsendna 5.1 til 5.7 er í eftirfarandi flokkum metin með svofelldum einstökum punktum:

Tölulíður	Forsendur með tilliti til	Fellur brott eða Sjálfbjarga	Fjöldi aðgerða á dag	Fjöldi aðgerða á viku	Fjöldi aðgerða á mánuði
5.1	Lyfjagjöf	0			
5.2	Inndælingar (undir húð eða í vöðva)	0			
5.3	Æðaleggjum komið fyrir (port)	0			
5.4	Sog og súrefnisgjöf	0			
5.5	Notkun áburða sem og kaldra og heitra bakstra	0			
5.6	Mælingar og túlkun líkamsástands	0			
5.7	Hjálpartæki sem liggja að	0			
	Samtala aðgerða úr tölul 5.1 til 5.7	0			
	Umreiknað í fjölda aðgerða á dag	0			

Einstakir punktar forsendna tölul. 5.1 til 5.7

Aðgerð á dag	Engin eða sjaldnar en einu sinni á dag	Að minnsta kosti einu sinni til að hámarki þrisvar á dag	Oftar en þrisvar til að hámarki átta sinnum á dag	Oftar en átta sinnum á dag
Einstakir punktar	0	1	2	3

Fyrir hverja forsendna 5.1 til 5.7 er fyrst færður fjöldi framkvæmdra aðgerða að meðaltali, sem framkvæmdar eru daglega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á dag; aðgerðir sem framkvæmdar eru vikulega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á viku; og aðgerðir sem framkvæmdar eru mánaðarleg og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á mánuði. Eingöngu er tekið tillit til aðgerða sem hinn tryggði getur ekki framkvæmt sjálfur.

Fjöldi þeirra aðgerða sem framkvæmdar eru að meðaltali daglega, vikulega og mánaðarlega, hvað varðar forsendur 5.1 til 5.7, er lagður saman (ef til dæmis gefin eru lyf þrisvar á dag daglega - forsenda 5.1 - og einu sinni blóðsykursmæling - forsenda 5.6 - , samsvarar það fjórum aðgerðum á dag). Þessi tíðni er umreiknuð yfir í meðaltalsgildi á dag. Við umreikning aðgerða á mánuði í aðgerðir á dag, er deilt í samtölu aðgerða á mánuði með 30. Við umreikning aðgerða á viku í aðgerðir á dag, er deilt í samtölu aðgerða á viku með 7.

Einstakir punktar forsendna tölul. 5.8 til 5.11

Meðaltíðni aðgerða á dag forsendna tölul. 5.8 til 5.11 er í eftirfarandi flokkum metin með svofelldum einstökum punktum:

Tölulíður	Forsendur með tilliti til	Fellur brott eða Sjálfbjarga	Fjöldi aðgerða á dag	Fjöldi aðgerða á viku	Fjöldi aðgerða á mánuði
5.8	Umbúðaskipti og sáraumbúnaður	0			
5.9	Notkun veituopa	0			
5.10	Regluleg notkun einnota holleggja og notkunar hægðalosandi aðferða	0			
5.11	Meðferðarúrræði heimavið	0			
	Samtala aðgerða úr tölul. 5.8 til 5.11	0			
	Umreiknað í fjölda aðgerða á dag	0			

Einstakir punktar forsendna tölul. 5.8 til 5.11

Aðgerð á dag	Engin eða sjaldnar er tvisvar á viku	Einu sinni eða oft á viku	Einu sinni eða tvisvar á dag	Að minnsta kosti þrisvar á dag
Einstakir punktar	0	1	2	3

Tryggingarskilmálar:

Viðauki við A-hluta „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“

Fyrir hverja forsendna 5.8 til 5.11 er fyrst færður fjöldi framkvæmdra aðgerða að meðaltali, sem framkvæmdar eru daglega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á dag; aðgerðir sem framkvæmdar eru vikulega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á viku; og aðgerðir sem framkvæmdar eru mánaðarleg og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, í dálkinn á mánuði. Eingöngu er tekið tillit til aðgerða sem hinn trygðgi getur ekki framkvæmt sjálfur.

Meðalfjöldi framkvæmdra aðgerða daglega, vikulega og mánaðarlega, forsendna 5.8 til 5.11, er lagður saman. Þessi tíðni er umreiknuð yfir í meðaltalsgildi á dag. Við umreikning aðgerða á mánuði í aðgerðir á dag, er deilt í samtölu aðgerða á mánuði með 30. Við umreikning aðgerða á viku í aðgerðir á dag, er deilt í samtölu aðgerða á viku með 7.

Einstakir punktar forsendna tölul. 5.12 til 5.K

Meðaltíðni vikulegra og mánaðarlega, tíma- og tæknifrekra aðgerða í heimahúsi, til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði, er í eftirfarandi flokkum metin með svofelldum einstökum punktum:

Tölulíður	Forsenda með tilliti til	Fellur brott eða Sjálfbjarga	Daglega	Vikuleg tíðni margfölduð með	Mánaðarleg tíðni margfölduð með
5.12	Tíma- og tæknifrekar aðgerðir í heimahúsi	0	60	8,6	2

Hvað varðar tölul. 5.12 er fyrst fundinn fjöldi framkvæmdra reglulegra aðgerða, af meðaltíðni, á viku; og fjöldi framkvæmdra reglulegra aðgerða, af meðaltíðni, á mánuði. Komi aðgerðir fyrir reglulega, daglega, eru gefnir 60 punktar.

Sérhver aðgerð sem framkvæmd er reglulega, á viku, er metin til 8,6 punkta. Sérhver aðgerð sem framkvæmd er reglulega, á mánuði, er metin til tveggja punkta.

Vikuleg eða mánaðarleg meðaltíðni forsendna 5.13 til 5.K er fundin sem hér segir, og metin til svofelldra punkta:

Tölulíður	Forsendur	Fellur brott eða Sjálfbjarga	Vikuleg tíðni margfölduð með	Mánaðarleg tíðni margfölduð með
5.13	Læknisheimsóknir	0	4,3	1
5.14	Heimsókn til annarra lækningalegra eða meðferðartengdra aðila (allt að 3	0	4,3	1
5.15	Heimsókna til annarra lækningalegra eða meðferðartengdra aðila, sem taka langan tíma (meira en 3	0	8,6	2
5.K	Heimsókna til aðila sem sinna þroska ungra barna	0	4,3	1

Fyrir hverja forsendna 5.13 til 5.K er fyrst fundinn fjöldi framkvæmdra reglulegra heimsókna að meðaltali, sem framkvæmdar eru vikulega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði; og fjöldi framkvæmdra reglulegra heimsókna að meðaltali, sem framkvæmdar eru mánaðarlega og til langframa, fyrirsjáanlega í að minnsta kosti sex mánuði. Sérhver heimsókn sem framkvæmd er reglulega, á mánuði, er metin til eins punkts. Sérhver heimsókn sem framkvæmd er reglulega, á viku, er metin til 4,3 punkta. Ef um er að ræða læknisheimsóknir sem taka langan tíma, eða heimsókna til annarra lækningalegra eða meðferðartengdra aðila eru þær metnar tvöfalt.

Punktum forsendna 5.12 til 5.15 - hjá börnum til 5.K - er bætt við. Forsendur tölul. 5.12 til 5.15 - hjá börnum til 5.K - er metnar út frá samtölu þannig fenginna punkta, og metnar til svofelldra einstakra punkta:

Samtala	Einstakir punktar
0 til undir 4,3	0
4,3 til undir 8,6	1
8,6 til undir 12,9	2
12,9 til undir 60	3
60 og þar yfir	6

Einstakir punktar forsendu tölul. 5.16

Forsenda tölul. 5.16 er metin í eftirfarandi flokkum til svofelldra einstakra punkta:

Tölulíður	Forsenda	Fellur brott eða Sjálfbjarga	Mestmegnis sjálfstæður	Mestmegnis ósjálfstæður	Ósjálfstæður
5.16	Fylgt matarkúr eða öðrum lækningalegum eða meðferðartengdum fyrirmælum	0	1	2	3

6. eining: Einstakir punktar á sviði mótunar daglegs lífs og félagslegra samskipta

Einingin tekur til sex forsendna, og eru þær metnar í eftirfarandi flokkum með svofelldum einstökum punktum:

Tölulíður	Forsendur	Sjálfstæður	Mestmegnis sjálfstæður	Mestmegnis ósjálfstæður	Ósjálfstæður
6.1	Mótun daglegra athafna og aðlögun að breytingum	0	1	2	3
6.2	Hvöld og svefn	0	1	2	3
6.3	Hafa nóg fyrir stafni	0	1	2	3
6.4	Gera framtíðaráætlanir	0	1	2	3
6.5	Beint samneyti við annað fólk	0	1	2	3
6.6	Rækja samskipti við fólk utan nánasta nærumhverfis	0	1	2	3

Fylgiskjal 2 (sjá 15. gr)

Matskerfi (samntala punkta og vagnir punktar) Alvarleikastig skerðingar á sjálfstæði eða færni í einingu

Einingar	Vægi	0 Ekkert	1 Lítið	2 Töluvert	3 Alvarlegt	4 Mjög alvarlegt	
1. Hreyfanleiki	10 %	0 - 1	2 - 3	4 - 5	6 - 9	10 - 15	Samtala einstakra punkta í 1. einingu
		0	2,5	5	7,5	10	Vagnir punktar í 1. einingu
2. Vitsmunaleg og samskiptaleg færni	15 %	0 - 1	2 - 5	6 - 10	11 - 16	17 - 33	Samtala einstakra punkta í 2. einingu
		0	1 - 2	3 - 4	5 - 6	7 - 65	Samtala einstakra punkta í 3. einingu
Hæsta gildi úr 2. og 3. einingu		0	3,75	7,5	11,25	15	Vagnir punktar í 2. og 3. einingu
4. Sjálfbjarga	40 %	0 - 2	3 - 7	8 - 18	19 - 36	37 - 54	Samtala einstakra punkta í 4. einingu
		0	10	20	30	40	Vagnir punktar í 4. einingu
5. Hefur fullt vald á og er sjálfbjarga með tilliti til sjúkdóms- eða meðferðartengdra krafna og álags	20 %	0	1	2 - 3	4 - 5	6 - 15	Samtala einstakra punkta í 5. einingu
		0	5	10	15	20	Vagnir punktar í 5. einingu
6. Mótun daglegs lífs og félagslegra samskipta	15 %	0	1 - 3	4 - 6	7 - 11	12 - 18	Samtala einstakra punkta í 6. einingu
		0	3,75	7,5	11,25	15	Vagnir punktar í 6. einingu
7. Athafnir utan heimilis	Óþarft er að reikna út mat á eininguna, því birtingarmynd einstakra forsendna nægir, til að geta leitt af þeim áætlun um þjónustu og umönnun.						
8. Heimilishald							